



Björg Magnúsdóttir og Helgi Björnsson
Fólk er hætt að vera skrytið ▶ 38



Of Monsters and Men
LÖGÐU HEIMINN AÐ FÓTUM SÉR ▶ 62



**NÝJA
SENDIBÍLASTÖÐIN**

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ


21. september 2013
222. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



ER ENDALAUST AÐ GLÍMA VIÐ ÖGRANIR

Ingvar E. Sigurðsson er leikari sem margir vilja hafa í sínu liði. Hann var dreginn á svið í Borgarnesi tvítugur að aldri og segist alltaf hafa verið þrúður drengur. ▶ 26



HULDA SÝNIR Í NEW YORK

Hulda fékk litla gula myndavél frá ömmu og hefur myndað síðan. ▶ 74



FLÝGUR HEIM Í SPAMALOT

Stefán Karl leikur Trölla í Ameríku og kemur svo heim í söngleik sem Hilmir Snær leikstýrir. ▶ 60



ÚTTEKT Á JÓLABÓKA- FLÓÐINU

**RITHÖFUNDAR
EINBEITA SÉR
AÐ FORTÍÐinni**
▶ 42

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÖLLHÁRSNYRTITÆKI
ALLT AÐ
50% AFSLATTUR
byggto og búið | Kringlunni

freebird
Haust 2013 er komið...
Íslensk hönnun
Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM

TAKK FYRIR
að styðja
íslenska verslun
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
Pétur Ívarsson
Hugo Boss

Mikilvæg viðurkenning fyrir vistvæn skref

Landsbankinn fær viðurkenningu



Landsbankinn fær samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar í ár fyrir að hvetja til vistvænna samgangna.

Vistvæn samgöngustefna



Hundruð starfsmanna hafa skrifað undir samgöngusamning og nota strætó, hjóla eða ganga til vinnu flesta daga.

Kolefnislosun minnkar

15%

Endurnýjaður og vishæfari bílafloti minnkaði kolefnislosun vegna aksturs á vegum bankans um 15% á síðasta ári.




Hundruð starfsmanna hafa skrifað undir samgöngusamning og fá endurgreiðslur vegna vistvænna samgangna.

Landsbankinn ætlar sér veigamikil hlutverk í uppbyggingu velferðar til framtíðar í íslensku samfélagi og tekur þátt í margvíslegu samstarfi á sviði samfélagsábyrgðar. Nánar má lesa um stefnu bankans í samfélagskýrslu sem kom út árið 2012 og var samin samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI).

Samgönguviðurkenning Reykjavíkurborgar er mikilvæg viðurkenning á þeim skrefum sem Landsbankinn hefur stigið í átt að vistvænni samgöngum. Hún kemur ekki síst til vegna góðrar þátttöku starfsfólks. Fjöldi starfsmanna gengur nú eða hjólar til vinnu flesta daga og kolefnislosun vegna bíla í eigu bankans fer hratt minnkandi.

Með því að ákveða að fara a.m.k. 60% ferða sinna til og frá vinnu með öðrum hætti en einkabíl geta starfsmenn Landsbankans fengið endurgreiðslur vegna útlagðs kostnaðar. Samgöngusamningur Landsbankans er aðeins einn liður í þeirri stefnu bankans að hafa frumkvæði að því að gera starfsemi sína vistvænni. Bankinn kolefnisjafnar auk þess samgöngur á sínum vegum, hefur stóraukið hlutfall vishæfra bíla, lágmarkað notkun nagladekkja og haft frumkvæði að innleiðingu flýtibílaþjónustu í samstarfi við fleiri aðila.



Samfélagsábyrgð er ætlað að hafa áhrif á alla starfsemi bankans.



14.09.2013 → 20.09.2013



20 ÓHÖPP

Þar sem fíkniefnaakstur kom við sögu voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu átta mánuðum ársins. Meðaltal síðustu ára er fjörutíu óhöpp.

66%

66% ÍSLENDINGA eiga snjallsíma. Þetta kom fram í könnun MMR á farsímamarkaðnum á Íslandi.



Varðskipið Þór hefur verið 80 DAGA á sjó það sem af er árinu.

18% lægri laun eru hjá ríkinu en á almennum vinnumarkaði. Þetta kom fram í tilkynningu um nýja launakönnun SFR, Stéttarfélag ríkisstarfsmanna og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.



1.500 EINTÖK

af tölvuleiknum Grand Theft Auto seldust í forsölu hér á landi.

B L A N D 200.000 KRÓNUR

er upphæðin sem 24 ára gamall karlmaður sveik út úr fimm einstaklingum á vefsíðunni bland.is

10% SMÁBARNA er með erlent móðurmál. Frá aldamótum hefur fjöldi leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast.



Í RÁÐHÚSINU Fulltrúar frá Hjartanu í Vatnsmyri afhentu borgaryfirvöldum undirskriftalistann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tóku við undirskriftalistum:

Áskorun um völinn skilað

REYKJAVÍK Samtökin Hjartað í Vatnsmyri afhentu í gær Jóni Gnarr borgarstjóra fjölmennustu áskorun til stjórnvalda frá upphafi. 69.000 manns skrifuðu undir áskorunina þar sem Reykjavíkurborg og Alþingi eru hvött til að tryggja að flugstarfsemi verði áfram rekin í Vatnsmyri.

Borgarstjóri sagði eftir afhendinguna að allar athugasemdir við nýtt aðalskipulag Reykjavíkur færu í ákveðið vinnsluferli þar sem tillit yrði tekið til þeirra. Hann taldi líklegt að sú vinna ætti ekki að taka langan tíma og sagði að öllum athugasemdum yrði svarað að henni lokinni.

BORGARSTJÓRN

Fyrirspurn um fyrirspurnir

Fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði hefur, í ljósi fjölda fyrirspurna og tilagna sem ítrekaðar eru í borgarráði, óskað eftir yfirliti yfir fyrirspurnir og tillögur VG á kjörtímabilinu sem ekki hafa hlotið afgreiðslu eða svör.

LEIÐRÉTT

Ranglega sagði á forsíðu blaðsins í gær að Icelandic Group væri á meðal eigenda Icelandic Tourism Fund, nýs sjóðs sem fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu. Hið rétta er að það er Icelandic Group sem er meðal eigendanna, eins og sagði réttilega inni í blaðinu.

Nær 90% ná íslenskuprófi til að fá ríkisborgararétt

Yfir 500 útlendingar gengust undir íslenskupróf í fyrra til þess að öðlast ríkisborgararétt. Skilyrði um íslenskukunnáttu voru sett í lög árið 2009. Engin takmörk eru fyrir því hversu oft prófið er tekið, en umsókn þeirra sem falla er sett í bið en er ekki synjað. Flestir þeirra sem tekið hafa prófið komu frá Filippseyjum og Póllandi.

SAMFÉLAG 508 einstaklingar þreyttu í fyrra íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Einstaklingum sem taka prófið hefur fjölgað að nýju eftir samdrátt í kjölfar hrunsins. Engin takmörk eru fyrir því hversu oft þreyta má prófið sem er bæði munnlegt og skriflegt. Gjald fyrir þátttöku í prófinu í desember er sjö þúsund krónur.



AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR

Hlutfall þeirra sem standast prófið hefur lækkað frá 2009 þegar próftaka hófst, úr 92,9 prósentum í 81,4 árið 2012. Meðaltalið undanfarin fjögur ár meðal þeirra 1.835 sem þreytt hafa prófið er 86,7 prósent, að því er kemur fram í skýrslu Námsmatsstofnunar sem sér um framkvæmd prófanna.

„Þeir sem ná ekki prófinu geta skráð sig í próf að nýju en prófin eru haldin tvisvar á ári. Ef þeim sem þreyta prófin gengur illa í tvö til þrjú skipti kunna þeir að þurfa sérúrræði. Skólagöngu viðkomandi í föðurlandinu hefur mögulega verið ábótavant vegna stríðs eða stéttaskiptingar. Aðrir þættir geta einnig skipt máli,“ segir Auður Aðalsteinsdóttir, deildarsérfræðingur hjá Námsmatsstofnun.

Reglugerð um íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt tók gildi 1. janúar 2009. Undanþágur eru veittar ef telja verður ósanngjarnt

að gera þá kröfu til umsækjanda að hann þurfi að taka próf. Það getur meðal annars átt við ef umsækjandi hefur náð 65 ára aldri og átt lögheimili hér á landi síðustu sjö ár áður en umsókn er lögð fram, eða ef umsækjandi er í íslenskum grunnskóla eða undir grunnskólaaldri. Skilyrði um íslenskukunnáttu þótti mikilvægt, ekki bara til þess að útlendingar gætu sinnt skyldum sínum í íslensku samfélagi, heldur einnig gætt réttinda sinna.

„Þeir sem hafa fallið á íslenskuprófi fá bréf um að umsókn sé sett í bið þar til frekari upplýsingar berast um próftöku. Umsókn hefur ekki verið synjað af þeim sökum. Einstaka umsækjendur hafa óskað eftir afgreiðslu þingsins þar sem þessu skilyrði er ekki fullnægt,“ segir í skriflegu svari frá innanríkisráðuneytinu um hvort fall á íslenskuprófinu hafi komið í veg fyrir að íslenskur ríkisborgararéttur sé veittur.

Langflestir þeirra sem tekið hafa prófið voru frá Filippseyjum og Póllandi. Karlar frá Suðaustur-Asíu voru líklegri en konurnar til að falla á prófinu. Marktækur munur kom ekki fram í öðrum heimshlutum, að því er kemur fram í skýrslu Námsmatsstofnunar.

Árlega er 400 til 500 einstaklingum veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

ibs@frettabladid.is



Á NÁMSKEIÐI Fjöldi útlendinga sækir námskeið í íslensku hjá Mími.

MYND/MÍMI SIMENNTUN

Hluti úr íslenskuprófi fyrir útlendinga

María er frá Spáni. Hún á heima á Íslandi. Hún er búin að vera á Íslandi í tólf ár. María á íslenskan mann sem heitir Finnur. Þau eiga þrjú börn. Dóttir þeirra heitir Soffía og er tíu ára.


Synir þeirra heita Tómas, átta ára og Jón, sex ára. María er að vinna. Hún er að vinna á heimili fyrir gamalt fólk. María vinnur kvöldvaktir. Hún þarf að vakna klukkan hálf sjö. María vekur börnin sín klukkan sjö og gefur þeim morgunmat.

Hún fer í vinnuna klukkan þrjú. Hún vinnur stundum um helgar. Hún hefur stundum frí virka daga. Í gær var sunnudagur. María var að vinna. Hún á frí í dag, mánudag. Núna er klukkan 10 og María er úti að ganga. Hún ætlar að versla seinna í dag í Smáralind. Hún ætlar að fara á bíó í kvöld með Finni, manni sínum. María saknar Spánar en finnst ágætt að vera á Íslandi.

1. Hvaðan er María?
2. Hvað eru strákarnir hennar Maríu gamlir?
3. Hvar vinnur María?
4. Hvað ætlar María að gera í kvöld?


Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



FÍNT Í DAG Í dag eru horfur á björtu veðri sunnan- og austantil en annars fremur skýjað og skúrir á stöku stað. Á morgun verður úrkomulítið fram eftir degi en síðan gengur úrkomusvæði yfir landið og útlit er fyrir vætu í öllum landshlutum á mánudag.

Alicante 27°	Berlín 16°	Friedrichshafen 19°	Las Palmas 26°	New York 23°	París 22°
Apæna 27°	Billund 17°	Gautaborg 16°	London 21°	Orlando 31°	San Francisco 18°
Basel 23°	Frankfurt 19°	Kaupmannahöfn 16°	Mallorca 27°	Ósló 17°	Stokkhólmur 17°



Mánudagur 3-13 m/s, hvassast SA-tíl.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður



ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUÐ -

Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigrún Kristinsdóttir sigrunp@365.is, Sigrún Viðar Friðriksson sigurjon@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirb@365.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@365.is og Vera Einarisdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir ssg@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Confidence in Motion

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

NÝR DÍSIL SJÁLFSKIPTUR

Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.6,4 l / 100 km
í blönduðum akstriSubaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.6,5 l / 100 km
í blönduðum akstriSubaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.6,6 l / 100 km
í blönduðum akstriBL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.isGE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bilasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bilasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Formaður hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um niðurskurðarhugmyndir: Landbúnaður ekki undanskilinn

EFNAHAGSMÁL „Það liggur allt undir í starfi þessa hóps og þar skiptir engu hvort um er að ræða landbúnað, listir, utanríkismál eða annað.“ Þetta segir Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður og formaður niðurskurðarhóps ríkisstjórnarinnar, spurður hvort hópurinn hafi rætt að draga úr ríkisstyrkjum til landbúnaðar til að hagræða í rekstri ríkisins.

Ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um ríkisaðstoð fyrir landbúnað, sýnir

að um 47 prósent af heildartekjum íslensks landbúnaðar árið 2012 voru tilkomin vegna ríkisstyrkja. Árið 2011 voru ríkisstyrkir 44 prósent af heildartekjunum.

Ísland er í fimmta sæti á lista OECD yfir þau lönd sem greiða hæsta hlutfall ríkisstyrkja til landbúnaðar. Einungis Noregur, Sviss, Japan og Suður-Kórea greiða hærri styrki. Önnur lönd greiða minna en 23 prósent af heildartekjum atvinnugreinarinnar.

- hg



Í FIMMTA SÆTI Hlutfall ríkisstyrkja af heildartekjum íslensks landbúnaðar hækkaði um þrjú prósent milli ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óljóst hversu margar fjölskyldur leigja

Formaður félags leigumíðlara telur að fleiri séu á leigumarkaði en gögn gefi til kynna. Tæplega tíu þúsundum leigusamninga var þinglýst á síðasta ári en þeim hefur fjölgað um helming frá árinu 2005. Stjórnámamenn segja neyðarástand ríkja.

SAMFÉLAGSMÁL „Ég held að íbúðirnar séu frekar nærri 40 þúsundum,“ segir Svanur Guðmundsson, formaður Félags leigumíðlara, en lítið er vitað um raunverulegan fjölda þeirra sem leigja húsnæði

hér á landi. Samkvæmt hagfröðingnum Hagstofu Íslands um verðlag og neyslu á árunum 2009-2011 er talið að leigjendur séu 27% af heimilum landsins sem talið er að séu rétt tæplega 124 þúsund hér á landi. Það eru því 33 þúsund heimili.

Um 73% landsmanna búa í eigin húsnæði samkvæmt sömu tölum Hagstofunnar.

Á síðasta ári var 9.149 leigusamningum þinglýst hjá Þjóðskrá Íslands. Það er því ljóst að lítill hluti leigjenda þinglýsir leigusamningum. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar. Í samantekt Neytendasamtakanna um málið kemur fram að ekki er skylt að láta þinglýsa leigusamningum og helstu réttaráhrifin af þinglýsingu eru þau að viðkomandi leigjandi getur þá átt rétt á húsaleigubótum. Raunar er ekki þörf á að þinglýsa samningum um leigu íbúða í eigu sveitarfélaga til að öðlast rétt til húsaleigubóta.

Hins vegar skerðast húsaleigubætur í hlutfalli við tekjur og eignir leigjenda og þar með má telja að hvati leigutaka til að láta þinglýsa samningi fari í einhverjum tilvikum fyrir lítið.

Leigusamningum hefur snarþjölgað eftir hrun. Þannig eru leigusamningar í dag um tíu



HÚSNÆÐI Hagstofan telur leigjendur 27% heimila landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þúsund en þeir voru rúmlega sjö þúsund árið 2008. Árið 2005 voru þeir fimm þúsund.

„Það er ljóst að leigumarkaðurinn er mun umfangsmeiri nú en fyrir hrun,“ segir Svanur. Til vitnis um alvarlega stöðu á leigumörkuðum hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram frumvarp um bráðaaðgerðir til þess að bregðast við því sem þeir kalla neyðarástand á leigumarkaði. Svo hafa komið upp alvarleg tilfelli þar sem fjölskyldur búa í ólöglegu húsnæði víða á höfuðborgarsvæðinu.

Svanur segir að hann telji að fjöldi leigjenda, sé tekið mið af

73%

landsmanna búa í eigin húsnæði samkvæmt tölum Hagstofunnar.

stærð fjölskyldna, slagi hátt upp í hundrað þúsund manns.

Neytendasamtökin halda úti sérstakri aðstoð fyrir leigjendur íbúðarhúsnæðis. Á síðasta ári höfðu tæplega 1.500 manns samband við leigjendaástoðina en helstu spurningar sneru að viðhaldi og ástandi eignar og svo uppsögn á leigusamningi.

valur@frettabladid.is

Samantekt Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga viðskiptabankanna:

Starfsmönnum banka fjölgað

VIÐSKIPTI Tæplega þrettán hundruð manns störfuðu hjá Landsbankanum á síðasta ári samkvæmt heildar-niðurstöðu ársreikninga fyrir árið 2012 og Fjármálaeftirlitið tók saman og birti á vef sínum í vikunni.

Þar kemur fram að á síðasta ári hafi 1.283 starfsmenn unnið hjá Landsbankanum, sem er sami fjöldi og starfaði hjá bankanum árið 2011. Starfsmannafjöldi hefur ekki verið jafn mikill frá árinu 2007 samkvæmt sömu heildar-niðurstöðum sem FME tekur saman árlega.

Þá störfuðu 1.119 manns hjá Íslandsbanka á síðasta ári. Er það einnig mesti fjöldi sem hefur unnið hjá bankanum frá hruni. Ástæðan fyrir fjölgun starfsmanna hjá viðskiptabönkunum er meðal annars sú að þeir hafa tekið yfir fjármálastofnanir síðustu ár.

Meðal annars tók Íslandsbanki yfir Byr árið 2011. Þá tók Landsbankinn yfir SpKef sama ár auk fleiri stofnana. Þannig jókst starfsmannafjöldi bankans töluvert. Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna þriggja var 66 milljarðar króna.

- vg



LANDSBANKINN Tæplega 1.300 manns unnu hjá Landsbankanum á síðasta ári. Það er sami fjöldi og árið 2011. Starfsfólki bankanna hefur fjölgað, meðal annars þar sem bankarnir hafa tekið yfir fjármálastofnanir síðustu ár.

HEIMSMETHAFARÍ HAGKAUP SMÁRALIND



Einar Mikael
Töframaður,
fyrsti Íslendingurinn sem
kemst í Ripley's bókina

Sprengju-Kata

Dan Meyer
35-faldur heimsmeistari,
heimsmethafi og
sverðgleypir

Á morgun sunnudag munu Dan Meyer, Sprengju-Kata og Einar Mikael mæta í Hagkaup Smáralind, árita bókina og bregða á leik. Bókin verður á sérstöku kynningarverði og hægt verður að skoða muni Ripley's. Gamanið hefst kl. 14:00.



NÝJA RIPLEY'S BÓKIN
Á KYNNINGARVERÐI

3.999

fullt verð 4.999



Sjáðu muni Ripley's!

Erlendir afbrotamenn:

Fáir sendir heim í fangelsi

NOREGUR 1.266 útlendingar sitja í fangelsi í Noregi, eða þriðjungur allra fanga, og fer þeim fjölgandi. Í fyrra voru 48 útlendingar sendir úr landi til þess að afplána fangelsisdóm í heimalandi sínu. Alls hefur 171 verið sendur í fangelsi erlendis á undanföllum fjórum árum.

Dæmdir afbrotamenn áfrýja í mörgum tilfellum ákvörðun um afplánun utan Noregs.

Á fréttavef Aftenposten er haft eftir Kristin Bergersen, ráðuneytistjóra í dómsmálaráðuneytinu, að hún sé ekki óánægð með tölurnar. Bendir hún á að tveir fangar hafi í fyrra verið sendir frá Danmörku til afplánunar erlendis.

- ibs

Samkeppniseftirlitið:

Rannsókn hefst á sorphirðu

DÓMSMÁL Samkeppniseftirlitið telur vísbendingar um að í sveitarfélögum á áhrifasvæði Sorpu sé sorphirða og ráðstöfun endurvinnsluefnis framkvæmd á samkeppnishamlandi hátt. Rannsókn á málinu er hafin.

Það var Gámaþjónustan sem kvartaði undan framkvæmd innleiðingar sveitarfélaganna og Sorpu á endurvinnslutunnum fyrir pappír og pappa, svokölluðum blátunnum. Fólki væri gert skylt að skipta við Sorpu og ekki kynntur sá möguleiki að skipta við önnur sorphirðufyrirtæki.

- gar

Segir stefna í stórslys vegna byggingar stúdentaíbúða

Íbúi segir byggingu stúdentaíbúða við Brautarholt stefna í stórslys vegna fárra bílastæða sem eru áætluð við íbúðirnar. Framkvæmdastjóri auglýsingastofu í hverfinu tekur í svipaðan streng og segir hverfið kolsprungið.

SKIPULAGSMÁL „Nú er það bara harkan sex,“ segir Símon S. Wíium, íbúi í Ásholti í Reykjavík, en hann er einn af allnokkrum íbúum sem hafa skilað inn athugasemdum vegna byggingar stúdentaíbúða á Rauðarárholti við Brautarholt, rétt fyrir ofan Hlemm. Skipulagsráð samþykkti málið úr nefnd síðasta miðvikudag.

„Þetta stefnir bara í stórslys,“ segir Símon, sem hefur búið í hverfinu í fimmtán ár. Hann gagnrýnir fyrirhuguðu framkvæmdina harðlega og hann er ekki sá eini. Auk hans gerðu húsfélög í hverfinu, íbúar og fyrirtæki athugasemdir við byggingu hússins.

MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

Helsta bitbeinið er áætlaður stæðafjöldi í hverfinu. Til stendur að útbúa tuttugu stæði í bílakjallara nýbyggingarinnar en alls verða 96 íbúðir í húsinu. Það gera fimm íbúðir á hvert stæði. Einnig gera íbúar athugasemdir við hæð byggingarinnar og óttast skuggamyndun og áhrif þess á íbúðaverð. „Þetta verður bara eins og bryndreki í hverfinu,“ segir Símon áhyggjullur.

Símon segir einsýnt að það verði fleiri stúdentar á blum en borgaryfirvöld áætla. Hann bendir jafnframt á að hótél sé í hverfinu og umferð í kringum það þrengi þegar verulega að íbúum í hverfinu. Það stefni því í ófremdarástand að hans mati. Símon segir íbúa margsinnis hafa komið sjónarmiðum sínum áleiðis, „en hrokinn er bara svo mikill,“ segir hann harðorður í garð borgaryfirvalda.

Hann segir tíma sátta liðinn, nú íhugi hann að taka til sinna ráðstafana. „Ég er að íhuga að



ÓSÁTTUR Símon S. Wíium íhugar lögðann á framkvæmdir vegna byggingar námsmannaíbúða við Rauðarárholt í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fara fram á lögðann vegna framkvæmdarinnar, og skaðabótamál ef af verður,“ segir hann.

Auglýsingastofan Hvíta húsið er einnig í hverfinu. Gísli S. Brynjólfsson, framkvæmdastjóri stofunnar, segir fyrirtækið hafa gagnrýnt áformin. „Hverfið er algjörlega kolsprungið og það fyrir löngu,“ segir hann, en fyrirtækið óttast að engin stæði verði fyrir starfsmenn fyrirtækisins, gangi áformin eftir, hvað þá viðskiptavinum.

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, segist ekki vilja gera lítið úr áhyggjum íbúa og fyrirtækja á svæðinu en bendir á að sama tilhögun hafi verið varðandi stúdenta-

“Ég er að íhuga að fara fram á lögðann vegna framkvæmdarinnar, og skaðabótamál ef af verður.

Símon S. Wíium, íbúi í Ásholti í Reykjavík

íbúðir á Lindargötunni í miðbæ Reykjavíkur varðandi stæði. Það hafi gefist vel. „Það er bara þannig að meginþorri stúdenta er ekki á einkabíl,“ útskýrir hún og segir ekki mikla umferð fylgja stúdentum, sem nýti sér frekar almenningsamgöngur og hjól.

valur@frettabladid.is



BMW X5 MODERN LINE = ALLT INNIFALIÐ

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Nú bjóðum við BMW X5, í nýrri MODERN LINE útgáfu, hlaðinn aukabúnaði. Nýja útgáfan er t.a.m. með 8 girja sjálfskiptingu, BMW Professional hljómtæki, 19" álfelgum, leðurinnréttingu með rafdrifnum, upphituðum framsætum og minnisstillingum, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, Bluetooth tengibúnaði fyrir síma, Cruise Control, glæsilegum viðarlistum í mælaborði, sjálfdekkjandi baksýnispeglum, toppgrindarbogum, málmlit, rafdrifnu dráttarbeisli og þægilegu Servotronic léttstýri.

BMW xDrive 30d

6,7 l / 100 km* – CO2 195 g – 7,6 sek. í hundrað

Verð: 12.690 þús.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BL


*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í bílönndum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!



SUZUKI GRAND VITARA

**MED HÁU
OG LÁGU
SÍDRIFI**

**FULL
FRAME
4x4**

Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti Bluetooth símkerfi - Usb og aux tengi - Skyggðar rúður - Cruise control - Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl Lykillaust aðgengi og start og margt fleira.

Verð frá kr. 5.590 þús.-

SUZUKI SPARNEYTNI




**TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



Gæðafliðar á sanngjörnu verði



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7, Rvk - Reykjanesbæ - Akureyri - Vestmannaeyjum

Staða mála og væntanlegir kjarasamningar

Fundaferð Rafiðnaðarsambands Íslands 2013

Fundir í september 2013

Mánudagur 23. september	Sauðaárkrókur	kl. 12.00	Kaffi Krókur
Mánudagur 23. september	Akranes	kl. 17.00	Gamla kaupfélagið
Þriðjudagur 24. september	Reykjavík	kl. 12.00	Grand hótél
Fimmtudagur 26. september	Ísafjörður	kl. 12.00	Hótél Ísafjörður
Föstudagur 27. september	Selfoss	kl. 12.00	Hótél Selfoss



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, sími: 580 5200, rafis.is

Íslendingar vilja Fréttablaðið í snjalltækin sín: 28.000 með appið

FJÖLMÍÐLAR Alls hafa 28.217 sótt Fréttablaðsappið í snjalltæki sín frá því að því var hleypt af stokkunum í sumar. Appið færir notendum Fréttablaðið á hverjum útgáfudegi. Það er hægt að sækja fyrir spjaldtölvur og snjallsíma, án endurgjalds, í smáforritaveitur fyrir Apple-tæki, Android eða Windows 8.

Mikael Torfason, aðalritstjóri 365, segir ánægjulegt að lesendur hafi tekið þessari nýjung svo vel. „Í ljósi þess að almenningur sækir sínar fréttir í auknum mæli í gegnum spjaldtölvur og farsíma er mikilvægt að koma til móts við þær þarfir og miðað við viðtökurnar virðist okkur hafa tekist það.“



UPPREISNARMENN Í ALEPPO Mikill ágreiningur er milli ólíkra hópa uppreisnarmanna um markmið og leiðir. NORDICPHOTOS/AFP

Afhenda gögn um efnavopn

Sýrlenska stjórnin byrjar afhendingu á gögnum um efnavopn. Stjórnarandstæðingar óttast að stríðsmenn tengdir al-Kaída grafi undan uppreisnarbaráttunni.

SÝRLAND, AP Efnavopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna hefur fengið í hendur yfirlýsingu frá Sýrlandsstjórn, þar sem gerð er grein fyrir efnavopnum Sýrlands.

Michael Luhan, talsmaður stofnunarinnar, segir að verið sé að fara yfir upplýsingarnar sem þar koma fram, en stofnunin muni ekki greina frá innihaldi yfirlýsingarinnar í smáatriðum.

Þetta er með fyrstu skrefunum í því að eyða efnavopnum Sýrlandsstjórnar, samkvæmt samkomulagi við Rússland og Bandaríkin.

Þá sendu sýrleskir stjórnarandstæðingar í gær frá sér yfirlýsingu, þar sem herskáir hópar tengdir hryðjuverkasamtökunum al-Kaída eru sagðir grafa undan markmiðum uppreisnarinnar gegn Bashar al Assad forseta.

Yfirlýsingin kemur frá Sýrleska þjóðarbandalaginu, en þau samtök eru öflugust þeirra sem Vesturlönd hafa lýst yfir stuðningi við.

Uppreisnarhóparnir í Sýrlandi skipta tugum og hafa ólík markmið og beita ólíkum aðferðum. Yfirlýsingin frá Sýrleska þjóðarbandalaginu kemur eftir að Frjálsi sýrleski herinn, önnur samtök uppreisnarmanna sem Vesturlönd styðja, samdi á fimmtudag um vopnahlé við ein öflugustu samtök herskárra íslamista í Sýrlandi, en þau samtök nefnast Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær.

Í yfirlýsingunni er varað við því að herskáir íslamistar séu að styrkja stöðu sína, en það sé almenningi í landinu afar hættulegt.

Sýrlendingar eru „höfsamir og virða trúarlega og pólitíska fjölhyggju en hafna blindri ófgastefnu,“ segir í yfirlýsingunni.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur kostað meira en hundrað þúsund manns lífið.

gudsteinn@frettabladid.is

Fleiri þúsund börn ein á flóttu

Fleiri þúsund sýrlesk börn hafa farið fylgdarlaus, ýmist ein síns liðs eða nokkur saman, yfir landamærin frá Sýrlandi, á flóttu undan borgarastyrjöldinni þar. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur á skrá nöfn 4.150 barna sem farið hafa yfir landamærin án fylgdar foreldra sinna eða annarra fullorðinna ættingja. Talið er fullvíst að fjöldi þeirra sé mun meiri í raun. Þessi börn eru afar berskjölduð og hafa orðið fyrir eða orðið vitni að skelfilegu ofbeldi. UNICEF nefnir dæmi um ellefu ára stúlku, Aya að nafni, sem hefst við í tjaldbúðum skammt frá landamærum Sýrlands og Líbanons, ásamt sjö ára systur sinni og fjögurra ára gömlum bróður þeirra. Hún skýrði starfsmönnum UNICEF frá því að hún hefði séð þegar faðir þeirra var höggvinn í spað beint fyrir framan hana.

Bílaleigubílar í ábyrgð

Tryggðu þér nýlegan bíl í verksmiðjuábyrgð.
Komdu um helgina og veldu þann sem
hentar þínum þörfum best.

Notaðir bílar
Bíldshöfða 10

**Opið alla
helgina!**

Laugardag: 12-16
Sunnudag: 12-15



150.000 kr.
Gjafabréf

Chevrolet Captiva | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | dísel | **Verð kr. 4.990 þús. kr.**

Chevrolet Captiva | Árgerð 2013
Sjálfskiptur | dísel | **Verð kr. 5.490 þús. kr.**



80.000 kr.
Gjafabréf

Chevrolet Cruze | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | **Verð 2.190 þús. kr.**

Chevrolet Cruze | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | bensín | **Verð 2.490 þús. kr.**



80.000 kr.
Gjafabréf

Chevrolet Spark | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | **Verð 1.590 þús. kr.**



80.000 kr.
Gjafabréf

Chevrolet Aveo | Árgerð 2012
Beinskiptur | bensín | **Verð 1.990 þús. kr.**

Chevrolet Aveo | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | bensín | **Verð 2.190 þús. kr.**



80.000 kr.
Gjafabréf

Chevrolet Orlando | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | bensín | **Verð 3.390 þús. kr.**

Chevrolet Orlando | Árgerð 2012
Sjálfskiptur | dísel | **Verð 3.890 þús. kr.**

Við fjármögnum bílinn fyrir þig

Dæmi: Chevrolet Spark - kaupverð 1.590.000 kr.

Innaborgun: **420.000 kr.**

Mánaðargreiðsla: **19.839 kr.** í 84 mánuði

- Árleg hlutfallstala kostnaðar á bílasamningi: 11,23%
- Vextir á bílasamningi: 9,7%

- Gjafabréf gilda við dekkjakaup og við kaup á dráttarbeisli - með ásetningu hjá Bílabúð Benna

LYKILL

www.lykill.is

Bílabúð Benna Reykjavík
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna Reykjanesbær
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bilum

Flugmenn áhyggjufullir: Marki endalok flugreksturs

SAMGÖNGUR Félag íslenskra flugmanna (FÍA) lýsir yfir stuðningi við hópinn „Hjartað í Vatnsmýri“ sem afhenti borgarstjóra hátt í sjötíu þúsund undirskriftir vegna Reykjavíkflugavallar í gær. Í nýjasta fréttabréfi FÍA kemur fram að sjónarmið félagsins sé það að með fyrirhugaðri lokun flugbrautar eða flugvallarins í heild sinni tapist störf og starfsemi þeirra fyrirtækja er þar starfa. Svo segir að bein afleiðing breytinganna marki endalok flugreksturs í Reykjavík sem við þekkjum í dag.

-vg

Einhæft atvinnuframboð: Vill sprotafélög á Skagaströnd

SVEITARSTJÓRNIR „Mín hugmynd er sú að efnt verði til samkeppni um sprotafyrirtæki á Skagaströnd,“ segir sveitarstjórnarfulltrúinn Jón Ólafur Sigurjónsson, sem vill efla atvinnulífið á staðnum.

„Í ljósi þess að atvinnuframboð á Skagaströnd er með einhæfasta móti og fá störf í boði fyrir til dæmis háskólamenntað fólk tel ég nauðsynlegt að Sveitarfélagið Skagaströnd komi að uppbyggingu aukins atvinnulífs á staðnum með einum eða öðrum hætti,“ segir Jón. „Einnig tel ég brýnt að halda áfram því starfi að kynna Skagaströnd sem ákjósanlegan stað til þess að hefja fyrirtækjarekstur á.“

-gar

Uppstokkun á að hleypha lífi í miðbæinn á Akranesi

Mikil áform eru nú uppi á Akranesi um að styrkja miðbæinn til að hleypha í hann auknu lífi og ýta undir ferðamennsku. Íbúðalánasjóður og Faxaflóahafnir selja eignir og lóð Sementsverksmiðju verður endurskipulögð.

SKIPULAGSMÁL „Hér eru óþrjótandi möguleikar fyrir framtakssama aðila,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri um uppbyggingaráform í gamla bænum á Akranesi.

Regína segir bæjaryfirvöld og aðra hagsmunaaðila á Akranesi nú vinna markvisst að því að snúa vörn í sókn í gamla miðbænum, meðal annars til að efla ferðamennsku.

„Það eru fjölmargir vaxtarbroddar í bænum, til dæmis sem tengjast vitunum á Breiðinni, einnig í tengslum við Langasand, golfvöllinn og í sjávar tengdri ferðamennsku eins og hvalaskoðun og sjóstangveiði. Það sem flestir ferðamenn eiga sameiginlegt er að þeir sækjast í eldri hluta bæja og borga og þar verðum við að gera betur,“ segir bæjarstjórnirinn.

Regína segir mörg gömul og virðuleg hús í miðbænum hafa staðið auð um árábil og vera farin að láta verulega á sjá. „Ástæðan er sú að húsín, eða íbúðir í þeim, eru í eigu lánastofnana og ekki hefur verið unnt að leigja þau þótt leiguhúsnæði hafi vantað á Akranesi, sökum ástands íbúðanna og húsanna,“ segir hún.

Samkomulag hefur náðst við Íbúðalánasjóð um sölu á fimmtán íbúðum í eldri hluta bæjarins. Regína segir vonast til að væntan-

„Ástæðan er sú að húsín, eða íbúðir í þeim, eru í eigu lánastofnana og ekki hefur verið unnt að leigja þau þótt leiguhúsnæði hafi vantað á Akranesi.“

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi.

legir kaupendur geri íbúðirnar upp til ábúðar eða leigu því mikill skortur sé á leiguhúsnæði.

Akraneskaupstaður keypti gamla Landsbankahúsið við Akratorg sem stóð autt um árábil og rak þar upplýsingamiðstöð ferðamanna í sumar. Framkvæmdir við torgið eiga að verða liður í að breyta ásýnd gamla miðbæjarins og auka líf þar að nýju.

Þá hafa bæjaryfirvöld átt í viðræðum við forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar sem er hætt framleiðslu. Verksmiðjan nær yfir sex hektara og tengist útivistarsvæðinu á Langasandi og Jaðarsbökkum og einnig gamla miðbænum og Akratorginu. Skipulag svæðisins verður rætt á íbúafundi í nóvember. „Þar verður ákveðnum skipulagshugmyndum varpað fram sem fundarmenn geta síðan spunnið út frá eða



REGÍNA ÁSVALDSDÓTTIR Bæjarstjórnirinn á Akranesi, sem hér stendur á Kirkjubraut við Akratorg, segir auð hús í miðbænum hafa látið á sjá. MYND/SÆÐIS ALEXÍA SIGURMUNDSDÓTTIR

komið með nýjar,“ segir Regína, sem kveður flesta bæjarbúa hafa skoðun á þessum reit.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að Faxaflóahafnir ætla að selja Hafnarhúsið á Akranesi undir þeim formerkjum að þar verði veitingasala eða önnur

starfsemi tengd ferðamennsku.

„Þá má nefna að nokkrir aðilar hafa rætt við bæjaryfirvöld um að starfrækja hótél á Akranesi en það hefur lengi verið skortur á hóteli sem er opið allt árið,“ segir bæjarstjórnirinn.

gar@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Velkomin í reynsluakstur í HEKLU og hjá umboðsmönnum um land allt

Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bilasýningunni í Genf og 66 bílblaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bilasýningunni í New York.



WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Nýr Golf kostar frá

3.540.000 kr.

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



Das Auto.

Volkswagen Golf eyðir aðeins frá 3,8 l/100 km

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bilasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



ÚTSALA

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR!

Meiri verðlækkun

enn meiri verðlækkun af völdum vörum!

SPRENGI
TILBOÐ!
Helgartilboð



ERIKA
3 stk.
aðeins
999kr

BÚSÁHÖLD
30-50%
AFSLÁTTUR!



Eldhúsnífar
Litaðir 5 stk.
2000874

ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 10.990
NÚ 6.990 kr.
þú sparar: 4.000 kr



Háprýstidæla C105.6-5
105bar, 5m slanga, 440ltr/klst.
5254249

ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 15.995
NÚ 10.995 kr.
þú sparar: 5.000 kr

MEIRI VERÐLÆKKUN
MÁLNING
25%
AFSLÁTTUR!



Polytex 10 ltr.
Veggmalning innanhúss.
7119970

ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 7.496 kr.
þú sparar: 2.499 kr



Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ
30 DAGA
SKILARETTUR

Þvottavél Electrolux
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 92.900
NÚ 73.990 kr.
þú sparar: 18.910 kr



BLACK & DECKER

ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 13.995
NÚ 9.795 kr.
þú sparar: 4.200 kr

Rafhliðuborvél 12V
EPC12CAB 2 rafhliður.
5245999



Ryksuga Nilfisk Buddy
ryksugar blautt og þurr, 15 ltr.
5254380

ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 11.995
NÚ 9.595 kr.
þú sparar: 2.400 kr

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 10.900
NÚ 7.990 kr.



Hraðsuðukanna Russell Hobbs
Vönduð hraðsuðukanna, stál.
1829181

SMÁRAFTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 2.599
NÚ 1.990 kr.



Brauðrist Bomann
Tekur 2 sneiðar, hvít.
1840852

ÚTIVISTAR
FATNAÐUR
30-50%
AFSLÁTTUR!



ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 13.990
NÚ 6.000 kr.
þú sparar: 7.990 kr

Vetrarúlpur True North
XS-2XL. Margir litir.
5871653/5871654

HAUSTLAUKAR
TULÍPANAR
50 stk.
aðeins
1.499kr



Lagerhrensun markaður í Skútuvogi

Flísar • Parket • Fatnaður
Málningarvörur • Festingavörur
Handverkfæri • Hreinlætistæki
Baðfylgihlutir og margt fleira.

blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

IDdesign

DÖNSK HÖNNUN!



ADDEINS
17.414
KRÖNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugi.

**CLEVELAND
HORN-TUNGU-SÓFI**

199.990

FULLTVERÐ: 219.990

Stærð: 300X200/150 H: 78 cm.

Fæst bæði með bæði hægri og vinstri tungu.

Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Einnig til í svörtu bonded leðri.

Fulltverð 259.990 **Tilboð 219.990**



**LEVANTO – HÆGINDASTÓLL
MEÐ SKAMMELI**

118.830

FULLTVERÐ: 139.800

Svart leður.
Krómfætur.



GHOST – HÆGINDASTÓLL

119.990

FULLTVERÐ: 139.990

Fjólublátt,
grátt,
turkisblátt
og bleikur
áklæði.



HAVANA – HÆGINDASTÓLL

69.990

FULLTVERÐ: 79.990

Olívugrænt,
grátt, orange,
ljóst ákæði.
Havana
hægindastólar
fást einnig í
svörtu leðri.

HAUSTLÍNAN 2013 FRÁ SÖDAHL KOMIN Í HÖLLINA





ALLTAF KÁTT Í HÖLLINNI!

CLEVELAND – TUNGUSÓFI



3ja sæta tungusófi. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: 232x85/150 H: 80 cm.
Einnig til í svörtu leðri Fulltverð 169.990 Tilboð: 139.990

109.990

FULLTVERÐ: 139.990

ROLAND

LYFTI-STÓLL

199.990

FULLTVERÐ: 239.990


Vandaður lyfti-
stóll úr leðri.
Stærð: 83x75
H: 113 cm.



Einnig til í svörtu
áklæði á kr. 199.990
Tilboð 169.990



TAKTU ÞÁTT Í FACEBOOK-LEIKNUM OKKAR OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FALLEGAN ÞÚÐA



Komdu í Höllina eða heimsóttu okkur á
husgagnahollin.is



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga,
einkahlutafélaga og annarra skattskyldra
lögaðila um skil á skattframtali 2013

Framtalsfrestur félaga er liðinn

Minnt er á að í október fer fram álagning
opinberra gjalda lögaðila 2013 vegna rekstrarársins 2012.



Þrátt fyrir að framtalsfrestur sé runninn út eru þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2013 ásamt ársreikningi hvött til að gera það hið allra fyrsta.

Skattframtali á alltaf að skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu á árinu 2012.

Félög eiga jafnframt að skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á www.skattur.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉
rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

SKATTFRAMTALI
2013

Nánari upplýsingar á www.rsk.is



KANNABISRÆKTUN Mikil umfjöllun um kannabISRækt og -neyslu ber frekar vitni um góðan árangur lögreglu en að neysla sé að verða almennari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hætta neyslu með aldrinum

Félagsfræðiprófessor segir nýja könnun Landlæknisembættisins renna stoðum undir rannsóknir sínar. Reglubundin neysla kannabiseftna sé óveruleg á Íslandi og að mestu bundin við yngri aldursflokka.

HEILBRIGÐISMÁL Reglubundin neysla kannabiseftna á Íslandi er óveruleg og að mestu leyti bundin við yngri aldurshópa. Þetta segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.



HELGI GUNNLAUGSSON

Neysla virðist hverfa úr lífsstíl fólks með aukinni ábyrgð. Helgi bætir því við að sínar rannsóknir rími vel við niðurstöður könnunar sem gerð var fyrir Landlæknisembættið og Fréttablaðið sagði frá í gær.

Í nýju könnuninni kemur fram að rúmur þriðjungur landsmanna á aldrinum 18 til 67 ára hafi einhvern tíma á ævinni neytt kannabiseftna. Í nýjustu rannsókn Helga sagðist hins vegar fjórðungur svarenda hafa neytt slíkra efna.

„Í báðum rannsóknum sjáum við ákveðna fjölgun þeirra sem hafa prófað kannabis,“ segir Helgi. „Þeir hjá Landlækni fá hærri tölu en ég en það gæti verið vanmat hjá mér sem liggur í framkvæmd kannana. Þegar við skoðum reglulega neytendur fæ ég mjög svipaða niðurstöðu.“

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Sveinbjörn Kristjánsson, sérfræðingur hjá Landlæknisembættinu, að hópur reglubundinna neytenda væri þó ekki stór. Helgi segir það einnig styðja sínar rannsóknir.

„Það sem þetta segir okkur í raun er að þetta er jaðaratferli. Þótt margir prófi, hvort sem er af tilraunamennsku eða forvitni,

er regluleg kannabiseysla í samfélaginu í sjálfu sér óveruleg og bundin við ákveðna hópa; mest yngri aldurshópa, en mælist varla á fullorðinsárum.“

Helgi segir að rannsóknirnar sýni báðar fram á að reglubundin neysla sé tímabundin.

„Fólk prófar þetta kannski og gerir aftur örsjaldan, yfir einhvern tíma, en flestir virðast vaxa frá þessu. Þetta virðist detta út úr lífsstíl fólks með aukinni ábyrgð.“

Sveinbjörn sagði í blaðinu í gær að umræðan um kannabISRæktun og -neyslu hér á landi síðustu misseri gæti gefið til kynna að neysla væri mun almennari en hún í rauninni er.

Helgi tekur undir þau sjónarmið. „Það er bara ekki svo. Í umræðunni hefur mikið farið fyrir fréttum af því að lögregla hafi fundið hundruð kannabISplantna. Af þessum mælingum má kannski helst ráða að lögreglan sé að standa sig afar vel í þessum málum og hafi góða yfirsýn yfir markaðinn.“

Í könnun Landlæknisembættisins var einnig spurt um afstöðu til lögleiðingar kannabiseftna. Niðurstöðurnar gefa til kynna að almenn andstaða við lögleiðingu hafi dvínad frá síðustu könnun, árið 2003, úr 87% niður í 78%.

Helgi segir að þrátt fyrir þetta sé enn mikil andstaða í samfélaginu við lögleiðingu.

„Það er enn mikil andstaða í samfélaginu við lögleiðingu. Það er líka ekki þannig að stjórnvöld standi ein heldur nær þessi andstaða allt niður í grasrótna.“

thorgils@frettabladid.is

LYFTARARAFGEYMAR

BETRI ENDING MEÐ **EXIDE**

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir lyftara. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda. Exide rafgeymarnir fást hjá Olís.



EXIDE
TECHNOLOGIES
TRANSPORTATION

olís

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1257 eða kjartans@olis.is og fáið nánari upplýsingar.

Vinnuslys á Suðurnesjum: Varð fyrir lyft- ara og brotnaði

LÖGREGLUMÁL Maður bakkaði lyftara á konu í vinnslusal fiskvinnslufyrirtækis á Suðurnesjum á fimmtudag. Konan var að salta þorsk í plastkór. Á meðan var maðurinn að færa til kór til að geta athafnað sig betur á lyftar-
anum en bakkaði þá á konuna. Að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum var konan flutt á slysa-
eild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Hún reyndist vera únlíðsbrotin, auk þess sem hún kenndi eymsla í fæti. - jme

Samtök meðlagsgreiðenda: Boða greiðslu- hlé í desember

KJARAMÁL Stjórn Samtaka meðlagsgreiðenda hefur samþykkt að boða til greiðsluhlés á meðlagsgreiðslum í desember.

Þetta kom fram í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér í gær.

Þar segir að samtökin hafi óskað eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga við að koma á breytingum í viðskiptum stofnana sveitarfélaganna við meðlagsgreiðendur. Því boði var að sögn samtakanna hafnað einróma á stjórnarfundum Sambandsins. - hg



ÍSAFJÖRÐUR Deilt er um stjórnarsýslu á skólalóð. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Hafna ásökun um klúður:

Kraftaverk gert segir meirihluti

SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarstjórn Ísafjarðar segist hafna „aðdróttunum fulltrúa Í-listans um að á Austur-
vegi hafi átt sér stað skipulagsklúður og að staðfest sé að ekki hafi verið farið að lögum.“ Hratt hafi þurft að bregðast við þegar í ljós hafi komið að ekki yrði hægt að opna leikskóladeild í húsnæði Ísafjarðarbæjar á Hlíf. „Það var gert og má telja að kraftaverk hafi verið unnið þegar tókst að opna meira en þrjátíu ný leikskólaláss með svo stuttum aðdraganda.“ - gar



GAMLA HÖFNIN Íbúasamtök vilja ekki hús ofan við höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íbúasamtök mótmæla:

Hugsa mest um hag áfengissala

SKIPULAGSMÁL „Með þessari til-
lögu er hagsmuna íbúa ekki gætt en hagsmunir áfengissala augljóslega hafðir í huga,“ segir stjórn Íbúasamtaka Miðborgar, sem mótmælir rýmkuð fyrir rekstur veitingastaða í kynntu Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030.

Þá er mótmælt heimild fyrir fimm hæða byggingar með strandlengjunni norðanverðri í miðborginni og enn hærri byggingar meðfram samgönguásum og strandlengju í norðri. „Slíkar byggingar rýra gæði þeirra íbúahverfa sem fyrir eru og eru almennt ekki í samræmi við eldri byggð,“ segir stjórnin. - gar

Prettán þúsund áhorfendur að meðaltali á íslenskar kvikmyndir í bíóhúsum á síðasta ári:

Ekki fleiri á íslenskar myndir í tíu ár

MENNING „Þetta er gríðarlega ánægju-
legt. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að þetta hefði verið svona gott,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður félags kvikmyndagerðarmanna. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar var aðsókn á íslenskar kvikmyndir sú besta árið 2012 í tíu ár.

Fjöldi áhorfenda á hverja íslenska mynd sem sýnd var í kvikmyndahúsum á síðasta ári var ríflega 13.000. Vinsælustu myndirnar voru Djúpið og Svartur á leik. Samanlagt sáu 110 þúsund manns þessar tvær kvikmyndir. - vg

Hrafnhildur segir að aðsóknin sé í takt við tilfinningu kvikmyndagerðarmanna og ánægjulegt að fá tölur því til staðfestingar. Fjalla var um aðsókn á íslenskar kvikmyndir í Fréttatímanum síðasta föstudag. Þar kom fram að útlitið væri ekki bjart fyrir þetta ár en það sem af er þessu ári hafa um 20 þúsund borgað sig inn á íslenskar myndir. Þrátt fyrir velgengi íslenskra kvikmynda fækkar gestum í kvikmyndahúsum almennt og hefur aðsókn dregist saman frá árinu 2009 um tólf af hundraði. - vg



SVARTUR Á LEIK Vinsælasta mynd síðasta árs fjallaði um undirheima Reykjavíkur.

Bosch-dagar

Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.

Made by
Germans



Þú sparar 10.000 kr.



Ryksuga
BSGL 32238

2200 W. Hepa-sía. Parkethaus fylgir með. Vinnuradius: 10 metrar.

Tilboð:
24.900 kr.

Fullt verð: 34.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



Kælikápur, úr stáli (kámfrír)
KGN 36NL20

Orkuflokkur A+. NoFrost: Affrýsting óþörf. Tvö kælikerfi. Kælir: 221 lítra. Frystir: 86 lítra. H x b x d: 186 x 60 x 60 sm.

Tilboð:
149.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

Purrkari
WTW 84100SN

Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi. Nýjung: Sjálfhreinsandi rakapéttr.

Tilboð:
149.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Uppþvottavélar

Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++. 14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastyttung kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.

Tilboð (hvít):

SMU 58M22SK

139.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Tilboð (stál):

SMU 58M25SK

149.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 50.000 kr.

Þú sparar 50.000 kr.

Bakstursofn
HBA 23B151

XXL ofnrými: 67 lítra. Orkuflokkur A. Fimm hitunaraðgerðir.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 144.900 kr.



Þú sparar 45.000 kr.

Þvottavél
WAE 28271SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.

Tilboð:
119.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Hvernig á að uppræta hugverkastuld á netinu?

iTunes og epli

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hélt athyglisverða ræðu á norrænni ráðstefnu um varnir gegn brotum á höfundarrétti, sem haldin var í Reykjavík á fimmtudag og föstudag.

Ráðherrann ræddi þar meðal annars það mikla tjón sem stuldur á hugverkum á internetinu veldur hinum skapandi greinum. Hann lýsti miklum áhyggjum sínum af því að virðing ungs fólks fyrir höfundarrétti hefði farið svo þverrandi að heilar kynslóðir hefðu vaxið úr grasi án þess að borga nokkurn tímann fyrir tónlistina sem þær hlustuðu á og horfðu á bíómyndir sem hlaðið hefði verið niður á netinu.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Illugi boðaði vitundarvakningu á vegum menntamálaráðuneytisins, sem á að vekja ungt fólk til umhugsunar um efnahagslegt mikilvægi höfundarréttar. Hann ætlar að opna vefsvæði í þessu skyni og tala við unga fólkið á máli sem það skilur.

Þetta er að sjálfsgöðu hið bezta mál, en hætt við að ráðherranum verði lítið ágengt í þessu verkefni nema hann fái foreldra í landinu í lið með sér. Það er á ábyrgð hvers og eins að útskýra fyrir netvæddum unglimum að maður tekur ekki bara hugverk annarra án þess að borga þótt þau liggja á netinu fyrir allra augum. Ekki frekar en maður stingur inn á sig epli í búðinni þótt enginn sjái.

Menntamálaráðherrann benti síðan á hina hliðina á málinu, sem er að framleiðendur og réttihafar tónlistar og myndefnis hafa ekki gert nóg af því að gera efnið aðgengilegt á netinu með löglegum hætti. Að sumu leyti er þar við ramman reip að draga á okkar litla íslenska markaði, því að sumir risarnir á markaðnum, á borð við Netflix og iTunes, hafa ekki áform um að bjóða efni sitt á Íslandi. Þeir sem nálgast efni frá þessum veitum eru því áfram að brjóta lög. Innlendar síður á borð við Tónlist.is og útlendar veitur eins og Spotify hafa hins vegar sitt á þurru og bjóða upp á löglega leið til að nálgast vinsælt efni.

Illugi talaði um endurskoðun höfundarréttarlöggjafarinnar hér á landi, sem er brýn. Hert hefur verið á viðurlögum við brotum á höfundarrétti og lögreglu veittar heimildir til að safna upplýsingum um þá sem nálgast efni með ólöglegum hætti. Ráðherrann orðaði það þannig að réttarræði í þágu réttihafa ættu að vera skjót, skilvirk og hafa fyrirbyggjandi áhrif.

Það á auðvitað að vera þannig, því að það er rétt sem Illugi Gunnarsson segir að hver dagur sem menn komast upp með að stela t.d. kvikmynd eða tónlist á netinu getur valdið þeim sem sköpuðu hugverkið gríðarlegu tjóni. Vandinn er hins vegar sá að lögreglan og aðrar stofnanir hér á landi sem eiga að taka á brotum af þessu tagi eru grútmáttlausar. Brotastarfsemi á borð við þá sem fer fram á síðunni deildu.net fer fram óáreið og án þess að stjórnvöld telji sig geta gert nokkurn skapadán hlut í málinu.

Á norrænu ráðstefnunni kom fram að lögreglufrivöld í hinum norrænu ríkjum veita þessum máli talsverða athygli og leitast við að skipuleggja sig þannig að þau geti upprætt sjóræningjastarfsemi á netinu. Íslenska lögreglan getur greinilega ýmislegt lært af þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

elica
COLLECTION

**25%
AFSLÁTTUR**

Elica háfar **EIRVÍK**
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Erlend fjárfesting og markmið í alþjóðasamstarfi

Áhugi Kínverja á að kaupa Grímsstaði á Fjöllum leiddi til þess að innanríkisráðherra vinstri stjórnarinnar setti reglugerð sem takmarkaði möguleika þeirra sem búa á evrópska efnahagssvæðinu til að fjárfesta í fasteignum hér á landi. Eftir það urðu þær háðar leyfum. Þau voru aftur háð því að umsækjandi gæti sýnt fram á búsetu eða áform um atvinnurekstur.

Ágreiningur var um hvort þetta samræmdest skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið án þess að það hafi reynt. Nýi innanríkisráðherrann ákvað því að fella reglugerðina úr gildi. Um



erlenda fjárfestingu í stærra samhengi. Athyglisvert er til að mynda að nýi innanríkisráðherrann er einhver eindregnasti andstæðingur frjálsrar evrópskrar fjárfestingarstefnu í sjávarútvegi. Eigi að síður er það eitt af fyrstu verkum hans að opna aftur fyrir óheftar evrópskar fjárfestingar í fasteignum og jarðnæði.

marginleg ákvörðun.

Þetta reglugerðarhringl ráðherranna tveggja gefur þó tilefni til að skoða hugmyndafræðina að baki reglum

Þetta dæmi sýnir að það er ekki bara hugmyndafræði sem á hverjum tíma ræður ríkjum í þessum efnum. Þar kemur einnig til mismunandi hagsmunamat sem vissulega getur stuðst við skynsamleg rök. En það breytir ekki hinu að mikilvægt er að reglur um þessi efni byggja á skýrum hugmyndafræðilegum og síðferðilegum stöðum.

Um leið verður fjárfestingarstefnan að taka mið af því hvernig Ísland vill tryggja alþjóðlega viðskiptahagsmunum sína. Í nútímasamfélagi eru reglur um þessi efni því hluti af utanríkispolítíkinni. Það flækir málin, en er veruleiki sem ekki verður horft fram hjá.

Lifandi spurningar

Í samningnum um evrópska efnahagssvæðið er einhlíða undanþága vegna sjávarútvegsfjárfestinga á Íslandi. Íslendingar hafa á hinn bóginn nýtt sér í stórum stíl frelsi til fjárfestingar á þessu sviði í Evrópu með góðum árangri. Þannig hefur Evrópusambandsfiskur til að mynda komið til vinnslu hér á landi.

Erlend fjárfesting er lykilaðri við endurreisn Íslands eftir gjaldmiðilshrunið og fall bankanna. Frelsi í þeim efnum hlýtur því að verða höfuðmarkmið. Gild rök eru þó fyrir ýmsum takmörkunum. Í því samhengi getur gagnkvæmni

verið eðlilegt skilyrði og síðferðilegar takmarkanir sem lúta að mannréttindum og viðskiptaháttum hljóta líka að vera álitæfni.

Meðan viðræður stóðu um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu vöknudu spurningar um erlenda fjárfestingu í sjávarútveg og jarðnæði. Eigi á annað borð að víkja frá meginreglunni um frelsi er eðlilegt að sömu sjónarmið gildi um þessa tvo þætti. Þetta eru lifandi spurningar því að stöðnun er þróun alþjóðavíðskipta þýðir stöðnun í íslenskum þjóðarþúska og engin ríkisstjórn mun til lengdar sitja á friðarstóli

stöðunar. Það er því aðeins spurning um tíma hvenær þráðurinn verður tekinn upp að nýju.

Gallinn við reglugerðarhringl innanríkisráðherranna tveggja er að engin heilsteyp framtíðarsýn býr þar að baki. Verkefnið núna á að vera endurskoðun á heildarlöggjöfni um erlendar fjárfestingar í ljósi skýrra markmiða um auknið viðskiptafrelsi á grundvelli dýpra vestræns samstarfs innan Evrópu og við Bandaríkin. Skynsamlegt er að setja nú í lög þær takmarkanir sem nauðsynlegt er talið að verja og raunhæfar þykja í slíkum samningum.

Framtíðarmarkmið fremur en hringl

Í röðum áköfustu andstæðinga Evrópusambandsaðildar má finna menn sem barist hafa af mikilli einurð gegn fjárfestingarbanni í sjávarútvegi. Það eru því ekki alfarið sömu línur sem skipta mönnum í hópa í þessu máli og um aðildarumsóknina.

Þó að ýmsir séu þeirrar skoðunar að erlend fjárfesting eigi að vera frjáls í sjávarútvegi og í jarðnæði er næsta öruggt að margir kjósa að minnsta kosti einhverjar

skorður. Þó að fjárfestingarbannið falli tæpast að þeim nýju skrefum sem stefna á að með framsæknu alþjóðasamstarfi eru eigi að síður ýmsar leiðir færar sem fullnægt geta þeim varúðarsjónarmiðum sem mönnum eru hugleikin.

Ein leið í þeim efnem er þekkt frá Danmörku og hefur verið viðurkennd í verki af bandalagsþjóðum þeirra. Hún felst í því að gera búsetu í ákveðinn árafjölda að skilyrði fyrir fjárfestingu í

jarðnæði og sjávarútvegi. Í Danmörku voru svipuð varúðarsjónarmið uppi í þessum efnem eins og hér og þar líta menn svo á að þeim hafi verið fullnægt með þessu ráði.

Í staðinn fyrir að hringla án framtíðarmarkmiðs með reglugerðir er brýnna að setja með lögum niður þá hæla sem nauðsynlegir eru taldir og raunhæfir til að gæta varúðar þar sem nýjar áskoranir með auknu frelsi í alþjóðasamstarfi blasa við.

Smáhundakynning um helgina



FRÁ 12:00 TIL 17:00
FÓÐURKYNNINGAR ★ DÝRALÆKNIR
ÍS Á 100KR ★ LUKKUPOTTAR O.FL.

**20% TIL 70 % AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM!**

HEFURÐU PRÓFAÐ
FERSKFÓÐUR
FYRIR HUNDINN ÞINN?
NÚ Á **20 % AFSLÆTTI**

ROYAL CANIN

PRO PLAN

Brit PREMIUM

BELCANDO

Fukanuba

HAPPY DOG

Hill's

NJÓTUM HAUSTSINS



20% AF SERÍUM
40% AF LUKTUM
3 ERICUR Á 990KR

20% AF GRILLUM OG ÁHÖLDUM
APELDOORN TÚLÍPANAUKAR
25 STK Á 990KR

GERUM KÓSÍ



20% AF ALLRI GJAFAVÖRU 30% AF KERTUM

OPIÐ FRÁ 10 TIL 21
UM HELGAR



GARÐHEIMAR

Stekkiarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á

Fyrirtækjaþjónusta

Símans fer með

hlutverk í Þjóðleikhúsinu



Vertu með fyrirtækið
í **sterkara sambandi**

Láttu sérfræðinga okkar finna lausnina sem hentar þínu fyrirtæki.

Í Þjóðleikhúsinu vinnur fjöldi skapandi fólks við það að láta galdurinn ganga upp á hverju kvöldi. Eins og rúmlega 15.000 önnur íslensk fyrirtæki treystir það á fyrirtækjaþjónustu Símans.

Síminn býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum upp á bæði fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu. Starfsfólkið getur þannig einbeitt sér að sínu aðalhlutverki meðan Síminn sér um rekstur, viðhald og öryggi kerfanna.

HELGIN



Marta María Friðriksdóttir lögfræðingur

Hjólar í rigningunni

Ég ætla að halda matarboð fyrir kórvinconur mínar í kvöld og á morgun stefni ég að því að hjóla úr Vesturbænum í Reykjavík í Hafnarfjörð í rigningunni.



Jón Svavar Jónsson söngvari

Mary ræður

Ég er að sýna þrjár sýningar af Mary Poppins. Hún ræður. Svo tek ég í nikku í þrítugs-afmæli og væri ekki sniðugt að skella sér í sund?



Ævar Örn Jónsson rithöfundur

Rólegheit og kæruleysi

Ég ætla í bústað í Ölveri, undir Hafnarfjalli, og verð þar í rólegheitum og kæruleysi með frúnni. Ég ætla líka að elda hrossafilet.



Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur

Styður Val á vellinum

Ég held fyrirlestur í hádeginu, fer svo á handboltaleik Vals og ÍBV og fótþoltaleik Vals og KR. Á morgun undirbý ég fyrirlestraferð til Marokkó.



ÚR SÝNINGUNNI Aino Freyja Järvelä og Pétur Eggerz í hlutverkum Önnu og langafa.

Í Gerðubergi

Langafi prakkarari

Leikrit Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi prakkarari í menningar- miðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti á morgun sunnudag klukkan 14. Leikritið er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárn og segir frá lítilli stúlku og langafa hennar sem gera margt skemmtilegt saman. Miðaverð er 2.400 krónur.



EITT VERKA VISSERS Raket mun tengja listamanninn við stefnur og strauma.

Í Listasafni Íslands

Leiðsögn um sýningar

Leiðsögn Raket Pétursdóttir safnafræðingur verður með leiðsögn um sýningarnar Leiðangur, Gersemar og Ups and downs – Kees Visser í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg á morgun, sunnudag, klukkan 14.

Raket mun meðal annars leiða gesti í gegnum Íslandsár Kees Visser og tengja stefnum og straumum í íslenski og alþjóðlegri myndlist.

Elsta hljómsveitin sem hefur ekki meikað það ennþá

Hljómsveitin **Hinir ástsælu Spaðar** fagnar þrjátíu ára afmæli sínu með útgáfu nýrrar plötu og útgáfutónleikum á Café Rosenberg í kvöld. Sigurður Valgeirsson trommuleikari segir ákveðið „költ“ hafa myndast í kringum sveitina og hún eigi traustan aðdáendahóp á Rifi.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Pví er stundum haldið fram að við séum sú íslenska hljómsveit sem hefur spilað lengst án þess að meika það,“ segir Sigurður Valgeirsson, trymbill Hinna ástsælu Spæða. Hljómsveitin er þrítug í ár og fagnar þeim tímamótum með útgáfu plötunnar Áfram með smjörið og útgáfutónleikum í kvöld á Café Rosenberg klukkan 22.

Hinir ástsælu Spæðar voru stofnaðir árið 1983 og ásamt Sigurði skipa sveitina í dag þeir Guðmundur Andri Thorsson, gítarleikari og söngvari, Guðmundur Ingólfsson bassaleikari, Aðalgeir Arason mandólinleikari, Þorkell Heiðarsson, harmóníku- og hljómborðsleikari, Magnús Haraldsson gítarleikari og Guðmundur Pálsson fiðlu- leikari. Meðlimaskipan hefur þó breyst töluvert í árunna rás og gekk Sigurður til að mynda til liðs við sveitina tveimur árum eftir stofnun hennar.

„Sveitin á rætur að rekja til tveggja vinahópa, ættuðum úr Vogahverfinu og Menntaskólanum við Tjörnina, sem byrjuðu að spila saman,“ útskýrir trommuleikarinn. „Í eldgamla daga lék ég í metnaðarfullu djassbandi sem kallaðist Nýja kompaníð, þar sem innanborðs voru meðal annars atvinnumennirnir Tómas R. Einarsson, kontrabassaleikari og saxófónleikari, en hætti í kringum 1982 og seldi trommusettið. Svo hitti ég Guðmund Andra nokkrum árum síðar í einhverju partíi þar sem verið



HINIR ÁST- SÆLU SPÆÐAR Sveitin hefur lengi haft það orð á sér að vera menntaðasta hljómsveit landsins. Sigurður Valgeirsson trymbill efast um að það sé rétt en kann ágætlega við orðsporid.

var að spila Hina ástsælu Spæða af kassettu. Þeir höfðu þá nýlega misst trommarann sinn og ég var beðinn um að ganga í bandið, sem ég gerði, en fór mér hægt og spilaði á einn sneril til að byrja með. Kannski er það einkenni miðaldra mannsins að í dag á ég þrjú trommusett. Þegar maður eldist bætir maður sér upp það sem mann langaði í þegar maður var yngri, en þetta tekur agalega mikið pláss,“ segir Sigurður. Trymbillinn segir sveitina

“**Kannski er það einkenni miðaldra mannsins að í dag á ég þrjú trommusett.**

Sigurður Valgeirsson

ávallt hafa haldið sig á jaðrinum og lítið reynt að slá í gegn á vinsældalistum. „En mér finnst eins og það hafi myndast smá „költ“ í kringum Spæðana, í það minnsta sér maður hópa sem koma trekk í trekk á tónleika. Við eigum til dæmis afar traustan aðdáendahóp á Rifi,“ segir Sigurður og rifjar upp þegar hljómsveitin var að fara um borð í ferjuna Baldur eftir ball í Flatey. Þá hafi hljómað lög með Hinum ástsælu Spæðum á dekki bátsins Rifsarans sem var þar við bryggju, en á honum var

fólk sem hafði siglt sérstaklega frá Rifi til að vera á ballinu í Flatey. „Þá leið okkur dálítið eins og stjörnum, en í smækkaðri útgáfu.“

Sigurður segir áherslu Spæðanna hafa þróast úr balkan- og gyðingatónlist í byrjun yfir í gamaldags dægurtónlist eins og heyrst á nýju plötunni, Áfram með smjörið. „Upphafslagið, sem er samnefnt plötunni, er til dæmis stórkostlegt gítarsörf- lag. Það kemur kannski 45 árum of seint, en við höfum litlar áhyggjur af því.“

Öll fjölskyldan saman á kvikmyndahátíð

Bíó Paradís býður fjölskyldum ókeypis í bíó í dag í tilefni af Evrópsku kvikmyndahátíðinni. Myndin heitir Mamma ég elska þig.



Við í Bíó Paradís erum að byrja með barnaprógramm í vetur og okkur fannst kjörið að hefja það með því að bjóða allri fjölskyldunni saman í bíó,“ segir Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar. „Okkur finnst mjög mikilvægt að auka bæði fjölbreytni og gæði þeirra kvikmynda sem boðið er upp á fyrir börn og héldum fyrstu

alþjóðlegu barnakvikmyndahátíðina í heiminum í vor.“

Myndin sem fjölskyldum er boðið á klukkan 17.30 í dag er lettneska myndin Mamma ég elska þig, sem er þroskasaga ungs drengs. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna, meðal annars sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Berlín 2013 og verðlaun evrópsku barnakvikmyndasamtakanna á kvikmyndahátíðinni í Zlin.

Áður en sýning myndarinnar hefst heldur Steinunn Harðardóttir uppi fjörinu sem plötusnúðurinn Flugvél og geimskip og boðið er upp á léttar veitingar. Sýning myndarinnar hefst klukkan 18.



MAMMA, ÉG ELSKA ÞIG! Kristofers Konovalovs leikur drenginn.

“**Sagan er einföld að mörgu leyti en er frábært dæmi um vel sagða þroskasögu sem segir á raunsæjan hátt frá þeim áskorunum sem börn mæta í æsku.**

Katie Walsh –Indiewire



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag



VERÐ SPRENGJA

Ben & Jerry's ís, 2 tegundir
788 kr. stk.



Stórar dósir 500 ml
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín
78 kr. stk.

Stuðtilboð

VERÐ SPRENGJA



Chicago Town Deep Dish pizzur, 4 ostá, pepperoni eða pylsu
378 kr. pk.

Nýtt

VERÐ SPRENGJA



Magnum hvítir íspinnar, 3 í pakka
388 kr. pk.



Viennetta ískökur, vanillu eða jarðarberjabragð
388 kr. pk.

Nýtt

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

NAMMI LAND



50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!



Iceland

Lambaskrokkur af nýslátruðu 2013



Ódýrt!

PÚ PAKKAR sjálf(ur) í frystinn!

1098 kr. kg

Heill eða hálfur ófrosinn lambaskrokkur, sagaður

Lambaskrokkur af nýslátruðu, heill eða hálfur sagaður í kassa:

Heill: Heilt læri • Lærissneiðar • Heill hryggur • Sagaður frampartur • Heil slög
Hálfur: Eitt læri • 1/2 sagaður frampartur • 1/2 hryggur • Eitt slag

15% afsláttur

599 kr. pk.

Verð áður 740 kr. pk.
Nautgripahakk, 530 g

795 kr. kg

Krónu kjúklingur, ferskur

15% afsláttur

1698 kr. kg

Verð áður 1998 kr. kg
Eðalfiskur, hvítlauks laxabitar

GEGGJAD TILBOÐ!

37% afsláttur

250 kr. 3 í pk.

Verð áður 399 kr. pk.
Hleðsla íþróttadrykkur með súkkulaðibragði, 3x250 ml

Hámark 1 kassi á mann 24 x 250ml meðan birgðir endast!

98 kr. stk.

Corny Big, 7 teg., 50 g

198 kr. stk.

Freyju staur, 2 stk. í pk.

198 kr. stk.


Egils Kristall plus, 2 teg.

1 1/2 lítri

BAENDA- MARKAÐUR Í DAG LAUGARDAG KL. 11-16


VELJUM
ÍSLENSKT!

Bændamarkaðurinn er í Krónunni Akranesi, Bildshöfða, Granda,
Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi



Ljúffengt, glænýtt íslenskt grænmeti!



Ný íslensk uppskera
Ný uppskera af íslensku
grænmeti beint frá bónda.

Frábært verð

Grænmeti á frábæru verði
og ýmis kynningartilboð.

Smakkaðu

Smakkaðu á nýrri uppskeru,
mikið úrval!



ÍSLENSKT GRÆNMETI!

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

ER ALDREI AÐ LEIKA SAMA LEIKINN

Stór hlutverk í þremur nýjum kvikmyndum í fullri lengd og einni stuttmynd, auk titilhlutverksins í Jeppa á Fjalli í Borgarleikhúsinu, eru til vitnis um vinsældir **Ingvars Eggerts Sigurðssonar** sem leikara. Hann hafði samt litla trú á sér í upphafi.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er enginn leikur fyrir Ingvar E. Sigurðsson leikara að finna tíma fyrir viðtal. Hann er á haus í vinnu. Loks tekst að lokka hann á Kjarvalsstaði eitt síðdegi að lokinni æfingu í Borgarleikhúsinu. Reyndar er íbúafundur að byrja í kaffiteríunni, auk þess sem stutt er í að húsinu verði lokað, en við fáum leyfi til að tylla okkur smástund í betri stofu, innan um málverk meistarans.

Ingvar er, sem kunnugt er, í aðalhlutverki í myndinni *Hross í oss*, eftir Benedikt Erlingsson, sem hvarvetna fær góða dóma. Á kynningarmynd sést Ingvar, fremur aumkunarverður, á baki hryssu sem graðfoli er á. Skyldu þær aðstæður ekki hafa verið ógnvekjandi? „Jú, jú, en það var búið að undirbúa þetta skot mjög vel, enda ekki hægt að endurtaka það og sex myndavélum var stillt upp þannig að hægt væri að klippa á milli. Merin var í látum og folinn tiltölulega rólegur. Áhættuhestamaður var búinn að prófa þetta atriði sex dögum áður með sama fola en ég fylgdist ekkert með því. Ég var ekkert hræddur en mér fannst þetta skrítíð og mig langaði ekkert að vera þarna meðan þau voru að athafna sig.“

Æfir sig á nikkuna

Að næstu mynd, Málmaus eftir Ragnar Bragason, sem verður frumsýnd hér á landi innan skamms. Þar leikur Ingvar föður ungrar stúlku sem er aðalpersónan. „Þau eru í forgrunni unga stúlkan og foreldrar hennar, öll að dila við missi sem þau komast ekki yfir og brýst út á mismunandi hátt. Auðvitað er þetta sorglegt en sagan segir grátbroslega sögu af heilu samfélagi sem er enn þá að bregðast við afleiðingum slyss sem gerðist á kúabúi nú árum fyrr.“ lýsir Ingvar.

Varstu við frumsýninguna úti í Toronto? „Nei, nei. Ég mátti ekkert vera að því og hef ekki séð nema brot úr myndinni. Hins vegar er ég að fylgja eftir myndinni *Hross í oss* og fer með hana á kvikmyndahátíð í San Sebastian á Spáni í næstu viku þótt ég megi ekkert vera að því. Það er rosalega mikið í gangi hjá mér og aðalfókusinn núna er á Jeppa á Fjalli sem verður frumsýndur 4. október í Borgarleikhúsinu. Hann á hug minn allan. Síðan er það Borgríki 2 sem ég er nýbúinn að ljúka tókum í, ég er með í framleiðsluferlinu á þeirri mynd.“

Er alltaf svona mikið annríki hjá þér? Dæsir létt. „Já, í rauninni, nema ég taki mér tíma til að fara í frí, sem ég auðvitað geri. En þetta er rosalega mikið, það vill verða þannig.“

Viltu hafa það svo? „Já, ef það er gaman í vinnunni og ekki of mikið álag á fjölskyldunni. Það er misjafnt eftir verkefnum hversu mikið þau taka á og hversu mikið ég þarf að vinna heima. Í tilfelli Jeppa er svakalega mikil heimavinna. Þannig er það með sýningar sem mjög mikill texti er í og persónan sem ég leik er að fást við nokkuð sem ég er ekki vanur.“

Hvað gerir Jeppi sem þú þarft að æfa sérstaklega? „Sko, einhvern tíma fékk ég þá dilla að kaupa mér harmóníku og bók til að reyna að læra á hana. Það er mikil tónlist í Jeppa á Fjalli, leikhópurinn er í raun eins og ein hljómsveit. Benni vildi endilega sjá mig með nikkuna en þó að ég hafi gutlað á harmóníku



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

heima hjá mér í allangan tíma hef ég lítið gert af því opinberlega, (hlær) – og ég verð að vera almennilegur – að minnsta kosti að koma inn á réttu stöðunum.“

Eitt kvikmyndaverkefni enn ber á góma, stuttmyndina *En maler eftir Hlyn Pálmason sem hefur fengið miklar viðurkenningar og er komin í forval til Óskarsverðlauna*. „Hlynur hafði samband og vildi fá mig til að leika listamann. Þetta var rosalega flott handrit hjá honum og falleg hugsun í vinnubrögðunum. En maler er útskriftarmyndin hans úr Danska kvikmyndaskólanum. Ég býst við heilmiklu frá þeim dreng.“

Nú varst þú um tíma úti í Hollywood. *Dreymir þig um frekari verkefni þar?* „Ég gæti alveg hugsað mér

þau en þá þyrfti ég að vinna miklu meira í þeim málum og ég er ekkert að sinna þeim nema hvað ég er enn með umboðsmann minn í London og fer stöku sinnum í þrúfur. Þá eru það aðallega hlutverk sovéskra eða þýskra illmenna eða einhæfar týpur sem mér bjóðast, sem ég hef takmarkaðan áhuga á, og svo eru bara margir um hituna og ég fæ ekki djöbblin. En þessi möguleiki er fyrir hendi og ég vinn mikið erlendis, hef verið í Noregi, Frakklandi, Austurríki og Bretlandi, bæði í leikhúsum og kvikmyndum, aðallega í gegnum orðspor sem fer út. Allt fyrrasumar var ég til dæmis í Salzburg í Austurríki að æfa og leika Pétur Gaut. Sú uppsetning vakti heilmikla athygli.“

Mesta áskorunin

Þá er það aldur, menntun og fyrri störf. Ingvar ólst upp í Bústaðahverfinu í Reykjavík, Víkingshverfinu, en kveðst ekki hafa æft fótbolta – ekki þá. Spilaði hann kannski á hljóðfæri? „Já, ég var í hljómsveit sem unglingur, á trommum. Varð svo frægur að fá nokkra tíma hjá Guðmundi Steingrímssyni djassara. Það var æðislegt. Hann kom bara heim og ég stillti settinu upp í stofunni. Síðan gerðist það að ég flutti upp í Borgarnes og var þar í hljómsveit og kirkjukór. Þar byrjaði líka þetta leiklistarbrölt – í Leikdeild Skallagríms.“

Manstu hvert var fyrsta hlutverkið? „Það var RR, eða Rögnvaldur Reykill, í Dúfnaveislunni ▶

”Pegar ég var í leiklistarskólanum vann ég aðeins á Kleppi á sumrin og eftir að ég lauk við leiklistarskólann var ég eitt sumar á trillu. Það var líka alveg magnað. Ein af þessum upplifunum sem ég hefði ekki viljað missa af.

DEBENHAMS

HAUST SPRENGJA

25%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA **20% AFSLÁTTUR**
AF SNYRTIVÖRUM

OPIÐ FRÁ 11 TIL 19
Gildir út sunnudag

Gerðu
lífið
skemmtilegra

50%
AFSLÁTTUR

AF NÝJU HAUSTLÍNUNNI
FRÁ

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

NÝTT KORTATÍMABIL

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

 Finndu okkur á facebook



FJÖLLISTAMAÐUR

„Mér finnst í raun að í þessu djöppi verði ég líka að vera tónlistarmaður, dansari og myndlistarmaður.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

► hans Halldórs Laxness. Það var mikil lífsreynsla. Ég var tvítugur þegar ég var dreginn í þetta og hafði litla trú á mér. Enda fór ég í Leiklistarskólann til þess að mennta mig. Vinur minn dró mig með sér í inntökuprófið, sem var ágætt því annars hefði ég ábyggilega ekkert farið.“

Af hverju Borgarnes? „Af því að pabbi fékk stöðu póst- og símstöðvarstjóra í Borgarnesi. For-eldrar mínir fluttu á undan mér og ég var á báðum áttum með hvort ég ætti að elta. Ég var byrjaður í menntaskóla. Svo fór ég til þeirra og var í Reykholti í framhaldsdeild og fór svo í Fjölbraut á Akranesi en kláraði ekki stúdentinn.“

Þegar forvitnast er um starfsferil Ingvars utan leiklistarinnar kemur í ljós að hann er fjölbreyttur.

„Fyrsta starf mitt var að vera sendill hjá skeytaútsendingunni í Reykjavík, þá var ég bara tíu og ellefu ára. Á svipuðum tíma fór ég að selja blöð, bar út Tímanna og fór svo niður í bæ að selja Víkuna. Var í unglingavinnu og fór í sveit fjórtán ára norður í Miðfjörð, á bæ sem heitir Staðarbakki. Það er eitt af því besta sem hefur komið fyrir mig. Þarna var tvíbýli og margir strákar. Ég úr Reykjavík og þeir hafa örugglega hugsað: Hvað ætli þessi geti? Þetta var ein mesta áskorunin í lífi mínu. Ég varð svoléiðis að standa mig. Þarna var ég tvö sumur og hef síðan haldið sambandi við fólk á Staðarbakka, meðal annars farið í göngur og réttir með því á haustin ef ég hef getað.“

Í millibilsástandinu þegar mamma og pabbi fluttu í Borgarnes var ég að vinna í sláturhúsinu á Hvammstanga og líka við múrverk og byggingavinnu. Svo afgreiddi ég í versluninni Húsprýði í Borgarnesi, seldi raftæki og húsgögn og meira að segja postulín. Þegar ég var í leiklistarskólanum vann ég

aðeins á Kleppi á sumrin og eftir að ég lauk við leiklistarskólann var ég eitt sumar á trillu. Það var líka alveg magnað. Ein af þessum upplifunum sem ég hefði ekki viljað missa af.“

Þessi upptalning skýrir hugsanlega hvað Ingvar á auðvelt með að setja sig inn í hinar ýmsu aðstæður sem leikari og líka hinar sterklegu hendur hans.

Þegar ástin tekur völdin

Ingvar virðist vera í fantagóðu formi. „Eftir því sem maður reskist verður maður að hugsa aðeins um líkamann því leiklist er ekki bara að standa og tala,“ segir hann. „Mér finnst í raun að í þessu djöppi verði ég líka að vera tónlistarmaður, dansari og myndlistarmaður. Leikari þarf að hafa ansi marga hluti á hreinu áður en hann stígur á svið eða fram fyrir linsuna. Það er margfaldur misskilningur að góður leikari verði bara að geta lifað sig inn í leikinn. Þegar leiklist nær hæstu hæðum eru leikararnir í skörpustu meðvitund um sjálfa sig og rýmið. Einu sinni var ég spurður af einum mesta handboltakappa Íslands hvernig ég nennti að leika sömu rulluna aftur og aftur. „Alveg á nákvæmlega sama hátt og þú nennir að spila handbolta aftur og aftur,“ svaraði ég. Ég er aldrei að leika sama leikinn þó að reglurnar séu þær sömu. Maður fer inn í sama verkið en er endalaust að glíma við ögranir.“

Oft sést til Ingvars í Sundlaug Vesturbæjar. Hann kannast við það. „Ég fer í laugina, geri æfingar og teygjur en syndi ekki. Aðalástæðan er sú að þegar við vorum að sýna Woyzeck í London lékum við í vatni og ég kafaði mjög mikið. Ég hugsa að Englendingar hafi eitthvað trassað að skipta um vatn í kerunum því eftir eina sýninguna fékk ég svo mikla sýkingu í eyrun og hún tekur



SEM JEPPI „Benni vildi endilega sjá mig með nikkuna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þó að ég hafi gutlað á harmóníku heima hjá mér allengi hef ég lítið gert af því opinberlega.

sig alltaf upp ef ég er mikið í vatni. Þess vegna er ég hættur að synda.“

Ingvar verður fimmtugur 22. nóvember í haust. Eiginkona hans, Edda Arnljótsdóttir leikkona, og elsti sonurinn eiga afmæli sama dag. „Við Edda fengum frumburðinn, Áslák, í afmælisgjöf. Svo eigum við þrjú önnur börn, Snæfríði, Sigurð og Hring,“ útskýrir Ingvar. Hann þvertukur fyrir að sameiginlegur afmælisdagur hafi leitt þau Eddu saman.

„Við Edda vorum búin að vera saman í skóla í einn og hálfan vetur þegar við byrjuðum saman. Það er kannski ekkert sérstaklega praktískt að byrja með bekkjarsystur sinni í leiklistarskólanum en þú veist hvernig ástin er – þegar hún tekur völdin er ekkert sem stoppar hana.“

Landey býður til sölu eignir á:

Seltjarnarnesi



Landey býður til sölu eignir sínar við Bygggarða og Sefgarða á Seltjarnarnesi. Um er að ræða alls um 4.850 m² húsnæðis og 22.700 m² af lóðum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210, netfang: landey@landey.is

Hátúni 2b | 105 Reykjavík | Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.landey.is

LANDEY

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignabróunarverkefnum.

Haust

A la Carte

4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

verð 8.350 kr.

PORSKUR Á TVO VEGU
með tómát-maís salsa, laukspírum, svörtum olívum og graslaukssósu.

HUMARSÚPA
Rjómalöguð með Madeira og grilluðum humarhölum.

LAMBAHRYGGUR
með smælki, rauðrófum, gulrófum og rósmarinsósu.

*** eða ***

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

HVÍTSÚKKULAÐI MÚS
með skyrfroðu, ferskjum, garðblóðbergi, og bláberjasorbet.

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



Stefán Elí Stefánsson
Yfirmatreiðslumaður



Jóhannes Gunnarsson
Yfirhjónn



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Villibráð

Villibráðarhlaðborðið er frá
24. október til 20. nóvember.

Jólahlaðbord

Jólahlaðborðið er frá
21. nóvember til 30. desember

**FLUG Í AÐSIGI**


Annað sætið hlýtur Ásta Magnúsdóttir fyrir þessa fallegu mynd.



FÁLKAFELL Sölvi Breiðfjörð tók þriðju bestu náttúrumyndina að mati lesenda og dómnefndar blaðsins.

**AÐ KÚRA**

Sigurður Bjarnason tók þessa mynd, sem hafnaði í 4.-5. sæti keppinnar.

**KRÍUHOPP**

Kristján Möller tók þessa mynd, sem einnig hafnaði í 4.-5. sæti.

Lesendur völdu bestu myndina

Ljósmyndin Tófan og marhnúturinn, sem **Elma Rún Benediktsdóttir** sendi inn í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins, var valin besta myndin þar sem þemað var náttúra. Útivist er þema næstu keppni, sem hefst á mánudagsmorgun.

Myndina tók ég í byrjun ágúst þegar við vorum í fríi í Veiðileysufirði á Hornströndum. Eg fer þangað á hverju ári en þetta er í fyrsta skipti sem ég hef séð tófur þar. Eg er mikill tófuvinur og vil að þær fái að vera í friði innan friðlandsins. Mér finnst að það megi ekki skjóta tófuna þar," segir Elma Rún Benediktsdóttir, sem tók bestu myndina í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins þar sem náttúran var þemað.

Alls bárust 550 ljósmyndir í keppnina, en þátttakendur hláða upp myndum sínum á ljósmyndakeppni.visir.is og á Facebook-síðu Fréttablaðsins. Lesendur geta kosid bestu myndina og gildir niðurstaðan í kosningunni helming á móti áliti dómnefndar blaðsins, sem skipað er þeim Ólafi Stephensen ritstjóra, Silju Ástþórsdóttur útlitshönnuði og Pjetri Sigurðssyni ljósmyndara.

→ Ljósmyndasamkeppni um útivist

Útivist er þema næstu ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins

KEPPNIN HEFST Mánudagsmorgun 23. september

KEPPNINNI LÝKUR Á miðnætti miðvikudaginn 2. október.

Sömu reglur gilda, hver þátttakandi skal senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í sumar eða haust. Tilkynnt verður um úrslit útivistarkeppinnar í helgarblaði Fréttablaðsins laugardaginn 5. október en allar nánari upplýsingar um keppnina er að finna á ljósmyndakeppni.visir.is



TÓFAN OG MARHNÚTURINN
Elma Rún Benediktsdóttir á sigurmyndina í náttúruþema ljósmyndakeppni Fréttablaðsins.

**VERÐLAUNIN**

Í verðlaun fyrir bestu myndina hlýtur Elma Rún glæsilega Nikon 10,1 milljónar pixla myndavél með 10-27mm linsu frá Heimilistækjum.

Hártækjadagar

ÖLL HÁRSNYRTTÆKI
Á 20-50% AFSLÆTTI

NÝTT KORTATÍMABIL

SLÉTTUJÁRN | BYLGJUJÁRN
HÁRKLIPPUR | KRULLUJÁRN
NEFHÁRASNYRTAR | BLÁSARAR
HITABURSTAR | RAKVÉLAR | KEILUJÁRN
HITARÚLLUR | HÁRSNYRTAR
OG MARGT FLEIRA

Hártæki frá Babyliss, Remington,
Philips og fleirum

bygggt og búíð

568 9400 byggtogbuid.is

| Kringlunni



→ **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

MENNTUN Stúdentspróf MH 1985. Lögfræðipróf HÍ 1991. Nám í Evrópurétti við Collège d'Europe í Brugge í Belgíu 1991-1992. Héraðsdómslögmaður 1997. Sumarnám í Evrópurétti við Harvard Law School / European University Institute í Flórens 1999.

HELSTU STÖRF Stundakennsla við Menntaskólann við Hamrahlíð 1988-1992. Ráðgjafi utanríkisráðherra í Evrópumálum 1992-1994. Deildarsérfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins 1994. Lögfræðingur varnarmálaskrifstofu 1994-1995. Starfsmaður ráðherraskipaðra nefnda, m.a. nefndar um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar 2004. Stundakennari í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík 2004-2009.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA

Í miðstjórn og framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1987-1989. Oddviti Æskulýðsfylkingar Alþýðubandalagsins 1989-1991. Í stjórn Birtingar 1989-1991. Pingmaður Samfylkingarinnar 2007. Félags- og tryggingamálaráðherra 2009-2010. Efnahags- og viðskiptaráðherra 2010-2011. Formaður Samfylkingarinnar síðan 2013.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stefnulaus ríkisstjórn

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að ríkisstjórnin bjóði fyrirtækjum og íslenskum almenningi upp á dapurlega framtíðarsýn. Krónu í höftum og versnandi lífshæð. Hann segist ekki hafa íhugað að segja af sér eftir kosningaósigurinn í vor.

Höskuldur Kári Schram
hoskuldur.schram@365.is



Samfylkingin tapaði ellefu þingmönnum í síðustu kosningum og fór úr því að vera stærsti flokkur landsins í að vera sá þriðji stærsti. Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að flokkurinn hafi ætlað sér að gera of mikið á síðasta kjörtímabili og sett markið of hátt. „Á vissan hátt gleymdum við okkur í erfiðum verkefnum og vanræktum að eiga samtal við þjóðina.“ Árni segist ekki hafa íhugað að segja af sér eftir kosningar. „Ég var nýkjörinn sem formaður og hafði haft tvo mánuði til að leiða flokkinn. Það var alltof skammur tími. Ég held að það sé alveg ljóst að það er óheppilegt að skipta um mann í brúnni svona stuttu fyrir kosningar.“ Árni segir að draumurinn um stóran jafnaðarmannaflokk lifi góðu lífi þrátt fyrir þennan kosningaósigur. „Menn gleymdu honum í aðdraganda síðustu kosninga og töldu það skipta engu máli að hafa stóran jafnaðarmannaflokk. Menn gleymdu sér í því að taka þátt í gamaldags feðurarsamkeppni á vinstri væng íslenskra stjórnmála, þ.e. þessi feðurarsamkeppni lítilla vinstri-flokka sem gerði íslenska vinstrihreyfingu og umbótafl í landinu áhrifalaus um áratugi.“

Samstarf á vinstri vængnum

Eftir kosningar fór af stað umræða um mögulega sameiningu vinstri flokka, þá sérstaklega Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

„Þær hugmyndir hafa ekki komið til tals á milli flokkanna. Svoleiðis samstarf þarf þá að vera um málefni. Vinstri græn voru stofnuð vegna þess að menn vildu ekki taka þátt í jafnaðarmannaflokki. Samfylkingin vill ekki hætta því að vera jafnaðarmannaflokkur.“ Árni segir enn fremur að ekki hafi komið til tals að mynda kosningabandalag í Reykjavík með öðrum vinstri-flokkum fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Aðildarferlið ekki dautt

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks var að gera hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Nýlega ákvað svo Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra að leysa samninganefnd Íslands frá störfum. Árni segir að þrátt fyrir þetta sé aðildarferlið ekki dautt. „Auðvitað getur ríkisstjórnin sett málið í hlé og hún hefur ákveðið svigrúm til þess en ekki endalast. Yfirlýsingar forystumanna ríkisstjórnarflokka fyrir síðustu kosningar voru þannig að þessir flokkar hafa ekkert umboð til þess að slíta viðræðum án þess að þjóðin fái fyrst að segja álit sitt á því. Ríkisstjórnin er mjög vaklandi í afstöðu sinni til aðilar. Það liggur fyrir að hún mun þurfa að leggja fyrir þingið stefnubreytingu ef hún ætlar að hætta aðildarferlinu.“

Engin framtíðarsýn

Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, ritaði grein í Fréttablaðið á fimmtudag þar sem hún segir að íslensk fyrirtæki séu byrjuð að flýja land út af gjaldeyrishöftum. Árni segir nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að

marka sóknarstefnu til framtíðar fyrir íslensk fyrirtæki. „Við munum ekki geta rekið áfram norrænt velferðarkerfi ef við höfum ekki norrænt atvinnulíf, norrænt viðskiptafrelsi og norrænt atvinnuskapandi samfélag,“ segir Árni. „Vandi þessarar ríkisstjórnar er að hún getur ekki horfst í augu við það að búa til einhverja sóknarstefnu fyrir þetta land. Hún er læst inni í eigin hindurvitnum og eigin ótta við umheiminn. Hún keppist við að loka dyrum þegar hún ætti að vera að opna þær. Stefnuleysi hennar er að ryðja okkar samkeppnishæfustu fyrirtækjum úr landi.“

Árni segir ráðaleyssi einkenna störf ríkisstjórnarinnar. „Það vita það allir að íslensk króna getur ekki orðið grundvöllur samþættils lífshæðar hér og í öðrum löndum um næstu áratugi. Það vita allir nema ríkisstjórnin og hún treystir sér ekki til að horfast í augu við þá staðreynd. Þess vegna setur hún allt í bið. Framsóknarflokkurinn er í þessari ríkisstjórn til að ná fram skuldalækkun. Sjálfstæðisflokkurinn er að reyna ná fram skattalækkunum. Þeir lofuðu hlutum sem eru algjörlega ósamrýmanlegir. Annar talar í austur og hinn í vestur í þessu stjórnarsamstarfi. Við verðum afskaplega lítið vör við það hvert skalt stefna. Ég skynja að það er hart í ári hjá fólki. Fólk hefur minna á milli handanna en oftast áður frá hrúni. Lífshæðarskerðingin er komin til að vera og fólk sér enga augljósa leið fram á við. Fyrirheitin sem hafa verið gefin um skuldaniðurfellingar valda því að allt er í bið. Lánsþæfismat landsins lækkar. Seðlabankinn segist ekki geta lækkað

→ Árangur Samfylkingarinnar í alþingiskosningum

2003	2007	2009	2013
31%	26,8%	29,8%	12,9%
20 þingmenn	18 þingmenn	20 þingmenn	9 þingmenn

vexti. Aðilar vinnumarkaðarins segjast ekki geta gert langtímasamninga.“

Árni segir að ríkisstjórnin hafi í raun slegið skjaldborg utan um ákveðna forrættindahópa. „Hagsmunir ákveðinna forrættindahópa að baki Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki eiga ekki að ganga framars hagsmunum þorra þjóðarinnar. Það er ekki hægt að setta sig við að litlar klíkur sem eiga hagsmuni í því að hafa landið lokað og fá enga samkeppni ráði ferðinni.“

Öllu snúið á haus

Árni segir að Samfylkingin sé tilbúin að styðja aðgerðir ríkisstjórnarinnar þegar kemur að skuldaniðurfærslu. Starfshópar á vegum ríkisstjórnarinnar sem vinna að tillögum í málinu eiga að skila af sér í lok nóvember. „Við förum ekki í málþóf til að stöðva framkvæmanlegar tillögur sem ríkisstjórnin kemur með. Við sögðum alveg skýrt fyrir síðustu kosningar að það væru hópar sem enn væru óbættir hjá garði. Það athyglisverða er að tillögur ríkisstjórnarinnar, eða það sem forsætisráðherra og framsóknarmenn eru að gefa ádrátt um, virðast ekki vera meira en það sem við vorum að segja fyrir kosningar. Þegar Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknar, kemur núna og segir að það séu einhverjir

hópar sem ekki hafi fengið eitthvað og þeir eigi að fá það núna en þeir sem eru í raunverulegum greiðsluvanda eigi ekkert að fá þá er auðvitað verið að snúa á haus öllu því sem Framsóknarflokkurinn sagði fyrir kosningar.“

Árni segir mikilvægt að gæta jafnræðis þegar kemur að skuldaniðurfærslu. „Það hefur verið mjög snúið að finna leiðir til að gera þetta svo að sanngirni og jafnræðis sé gætt. Við viljum ekki ósanngjarnar lausnir. Það eru auðvitað margar spurningar sem vakna þegar ríkisstjórnin gefur fólki ádrátt með þessum hætti. Hvað á að gera við einstakling sem er með verðtryggð lífeyrisréttindi og verðtryggðar skuldir? Á að laga forsendubrestinn á skuldahlíðinni en leyfa honum að njóta forsendubrestsins á eignahlíðinni? Hvað á að gera við leigjendur sem urður fyrir forsendubresti þegar verðtryggð leiga hækkadi? Svona má lengi telja og það hefur aldrei verið útfært af framsóknarmönnum. Við munum ekki styðja og við munum ekki geta sætt okkur við aðgerðir sem fela í sér að almennt launafólk beri herkostnaðinn af þessari ævintýraferð.“

visir.is

Viðtalið við Árna Pál Arnason er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin** á www.visir.is

 **INTERSPORT**[®]

SPORT TO THE PEOPLE

RÝMINGARSÖLUNNI

Í INTERSPORT LINDUM

LÝKUR Á MORGUN!

ALLAR VÖRUR Á

20-80% afslætti

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!

VERSLUNIN LOKAR Í LINDUM

Það þarf ekki meirapróf til að hafa skoðun á klassískri tónlist

Halla Oddný Magnúsdóttir lauk nýverið framleiðslu Útúrdúrs, fimm þátta seríu um klassíska tónlist sem hóf göngu sína um síðustu helgi. Innblásturinn kom víða að, meðal annars frá firrtum yfirstéttarkarli og BBC, sjónvarpsstöð sem biðst ekki afsökunar á því að vera ríkismiðill. Hún er unnusta píanistans Víkings Heiðars Ólafssonar, sem stýrir þáttunum ásamt Höllu.

Ölöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Víð setjumst niður á kaffihúsinu í Hannesarholti á Grundarstíg. Þar kemur fjöldi fólks og kastar á Höllu kveðju, hún er hógvær og fólk hrósar henni fyrir fyrsta þáttinn af Útúrdúr, fimm þátta seríu um klassíska tónlist sem hóf göngu sína á RÚV á sunnudaginn var. Að þáttunum koma einnig þeir Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari og unnusti Höllu, og Viðar Víkingsson kvikmyndagerðarmaður.

Halla Oddný Magnúsdóttir er 25 ára Reykjavíkurmær. Hún er stúdent úr MR og með burtfararpróf í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Að því loknu fór hún til Oxford og tók BA-próf í því sem þar nefnist Human Sciences, sem gæti útlagst mannvísindi á íslensku.

„Ég er dálítið eins og forsætisráðherrann, margsaga um háskólanám mitt, enda hef ég reynt margar mismunandi leiðir til þess að gefa fólk mynd af því sem ég var að læra. Stundum segist ég í gamni hafa lært rafmagnsguðfræði eða sameindasálfræði,“ segir hún glaðbeitt. „Þetta var svona samsett nám þar sem fléttað var saman raunvísindalegri og hugvísindalegri nálgun á tegundina mann. Ég kalla mig því yfirleitt ekki mannfæring – ég hef í raun ekkert sérstakt heiti. Og ég kann því bara ágætlega.“

BBC biðst ekki afsökunar á sér

Halla á ekki langt að sækja menningaráhugann. Faðir hennar er Magnús Tómasson myndlistarmaður og móðir hennar Jóhanna Ólafsdóttir, ljósmyndari við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ljósmyndir hennar hafa birst á sýningum undanfarið, meðal annars á sýningu um íslenska samtímaljósmyndara á Þjóðminjasafninu síðasta vor. „Ég er svo hrifin af myndunum hennar,“ segir Halla og bætir því við að henni finnst hún eiga að sýna meira af ljósmyndum.

Þáttaröðin Útúrdúr hefur verið lengi í undirbúningi en tókur á henni hófust í ársbyrjun 2012. Hún er frumraun Höllu í sjónvarpsþáttagerð. Einhverjir hafa þó kannski séð Höllu í sjónvarpinu síðustu mánuði, því hún starfaði sem fréttamaður á RÚV í sumar. Þar vakti ein frétt sérstaka athygli, en í henni lét hún handtaka sig í kvöldfréttunum, eftir að mál sem varðaði harkalega handtöku ungrar konu á Laugaveginum komst í hámmæli. „Þetta var svona mín Bridget-Jones stund,“ segir Halla, létt í bragði. „Að láta Mjölnis-menn yfirbuga mig í sjónvarpi,“ bætir hún við og hlær.

„Hugmyndin að Útúrdúr varð til úti í Bretlandi, svona smátt og smátt. Við Víkingur spjöllum auðvitað mikið um tónlist, og auðvitað ýmislegt annað, en höfum oft gjörólík sjónarhorn á hana. Víkingi finnst líka mjög gaman að tala um tónlist, hefur skýrar skoðanir og ástríðu fyrir því að miðla henni til nýrra áheyrenda. Svo hrifumst við líka bæði af breskri sjónvarpsmenningu. Það var svo hressandi að sjá hvernig BBC biðst ekki afsökunar á sér, heldur leyfir sér, í krafti þess að vera sjónvarpsstöð í almannabjónustu, að fræða og upp lýsa, en ekki bara skemmta. Vissulega er margt gott gert í íslensku sjónvarpi og ekki síst útvarpi og

auðvitað er ekki fyllilega sanngjarnt að bera það saman við stórveldið BBC. En það er samt stundum eins og áhorfendum sé vantreyst. Og það gildir auðvitað víða, ekki bara hér.“

Firrtur yfirstéttarmaður kveikjan

Til dæmis um virðingu BBC fyrir áhorfendum sínum nefnir Halla hinn umdeilda breska heimspeking og íhaldsmann Roger Scruton, sem er viðmælandi í fyrsta þætti Útúrdúrs. „Hann gerði mynd fyrir BBC 2 sem hét Why Beauty Matters. Þar víðraði hann þá skoðun sína að fegurðin væri á undanhaldi og að brotthvarf hennar sem gildis í sjálfri sér gæti orðið siðmenningu okkar óbætanagerð. Hann fór mikinn í gagnrýni sinni á breska myndlistarmenn af Saatchi-kynslóðinni, hraunaði yfir nútímaarkitektúr og popptónlist. Ég var auðvitað ósammála honum í flestu. Í aðra röndina fannst manni hann vera firrtur yfirstéttarmaður sem aðeins vildi hlusta á tónlist frá 18. öld og fyndist eina hlutverk listarinnar vera að skreyta heldri manna hífýli. Á hinn bóginn var ekki laust við að sannleikskorn leyndist í gagnrýni hans, og hann er auðvitað eitursnjall. Aðallega var samt bara svo stórkostlegt að á besta tíma á sunnudagskvöldi væri maður að fjalla um fegurðina í sjónvarpinu, og það allra besta var hvað myndin vakti mikil viðbrögð. Fjölmargir skrifuðu í blöðin til að mótmæla honum, en aðrir komu honum til varnar. Fegurðin var allt í einu orðin heitasta umræðuefnið í samfélaginu. Það var æðislegt.“

Þáttagerðin fór þó ekki að komast almennilega á stað fyrr en þau nálgudust Viðar Víkingsson kvikmyndagerðarmann, sem er móðurbróðir Víkings. „Viðar er mikill snillingur. Hann er ekki bara ógurlega fróður um kvikmyndir, heldur til dæmis tónlist og bókmenntir, og hefur allar tengingar á reidum höndum. Þetta hefði aldrei orðið til án hans, enda hafði hvorugt okkar Víkings neina reynslu á sviði dagskrárgerðar í sjónvarpi.“

Versta auglýsingatrix sögunnar

Þættirnir fjalla um klassíska tónlist í víðum skilningi og kynna hana á fjölbreyttan og lifandi hátt – sem sagt á mannamáli. „Þótt það sé gaman að því þegar fólk er í heilögu stríði fyrir fegurðina er það samt okkar sannfæring að klassísk tónlist eigi ekki að vera heilög og ósnertanleg. Við erum sem sagt sammála bandaríska tónlistarfræðingnum Alex Ross, sem sagði að það að kalla eina tegund tónlistar klassíska hefði verið versta auglýsingatrix sögunnar. Hún sé þá orðin dauður safngripur frekar en lifandi list. Og hvað er svona klassískt við hana? Tónlist sem er flutt víða um heim og fjöldi fólks hefur gaman af í samtímanum hlýtur að teljast samtímatónlist í einhverjum skilningi, þótt höfundar hennar hafi verið uppi á öðrum tíma í sögunni. Hin grunnannfæringin er svo sú að fólk þurfi ekki einhvers konar meirapróf til þess hafa skoðun á þessari tegund tónlistar og að hver sem er geti haft gaman af henni. Þetta er bara músík.“

Halla bendir á að ein leið til þess að kynna tónlistina og afmá hinn ógnandi klassíska stimpil sé að nálgast hana á sem fjölbreyttastan hátt. „Okkur langaði að skera nógu margvíslega í gegnum hlutina, þannig að fólk gæti tekið ólíkar stefnur inn í tónlistina og fundið eitthvað sem því finnst áhugavert. Í fyrsta þættinum, til dæmis, fléttuðum við inn hugmyndum fornleifafraeðings-



ÁTTI SÍNA BRIDGET JONES-STUND Í KVÖLDFRÉTTUNUM
Halla Oddný Magnúsdóttir vinnur á fréttastofu RÚV. Hún vakti mikla athygli í sumar þegar hún lét handtaka sig í kvöldfréttatíma eftir að mál sem varðaði harkalega handtöku ungrar konu á Laugaveginum komst í hámmæli.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ins Stephens Mithen sem telur að Neanderthalsmenn hafi sungið sín á milli, því tungumálið var ekki fullmótað,“ bætir Halla við, og segir ekki laust við að þar hafi námið fléttast inn í efnistökin.

Hún segir þættina afar ólíka innbyrðis, en að hver þáttur hafi ákveðið þema og hverfist um tónlistarflutning og spjall í stúdíói, með útúrdúrum hingað og þangað. „Næsti þáttur fjallar til dæmis um íslenska tónlist fyrri alda. Það var alveg sérstaklega lærdómsríkt að gera hann og skemmtilegt að kynna allri þessari fellegu tónlist sem allt of fáir hafa heyrt. Íslenskur tónlistararfarur er sem sagt annað og meira en Hani, krummi, hundur, svín.“

Eins og að vinna dýralífsmynd

Halla og Víkingur búa í Berlín. „Þetta er eiginlega dálítið vandráðamál. Ég segist alltaf búa í Berlín en svo er ég eiginlega alltaf hér. Við byrjuðum að vinna þættina um svipað leyti og við fluttum til Berlínar, svona að nafninu til. Við unnum þættina á löngum tíma, enda byggjast þeir mikið til á framlagi þess tónlistarfólks sem kemur og spilar og spjallar um verkin. Það er auðvitað oft á ferð og flugi. Svo liggur mikið að baki tónlistarflutningi og það er skemmtilegast að hlusta á fólk spila og tala um verk

“Ég er dálítið eins og forsætisráðherrann, margsaga um háskólanám mitt, enda hef ég reynt margar mismunandi leiðir til þess að gefa fólk mynd af því sem ég var að læra.“

sem því þykir vænt um. Í aðra röndina var þetta því dagskrárgerð í anda veiðimanna og safnara. Handritið tók breytingum eftir því hvað við fengum upp í hendurnar. Að því leyti er það að vinna með stórkostlegum listamönnum ekki ósvipað því og að vinna að dýralífsmynd – maður þarf að vera sveigjanlegur.“

Halla segist kát með viðtökurnar við fyrsta þættinum. „Þær voru betri en ég þorði að vona. Það var örliðill skjálfti í okkur, sérstaklega þar sem við Víkingur vorum dálítið í forgrunni í fyrsta þættinum. Við vissum hreinlega ekki hvort við næðum til fólks,“ heldur Halla áfram.

„Svo vorum við auðvitað búin að horfa á þetta svo oft og liggja yfir smáatriðum. Við höfðum trú á verkefninu en þegar maður horfir svona oft á sömu myndskildin verða hlutirnir óbærilega leiðinlegir og erfitt að átta sig á því hvað er gott og hvað ekki. Ég gat ekki einu sinni horft á þetta í sjón-

varpinu – allavega ekki samtalskaflana okkar. Ég var frammi í eldhúsi á meðan fjölskyldan horfði á þáttinn á sunnudaginn. Mér leið alls ekki vel,“ segir Halla og hlær. „En svo um leið og þátturinn klárðist gerðist svolítið fallett – ég fékk óvænt símtal frá ókunnugum manni á Selfossi, sem var bara svo ánægður. Mér þótti mjög vænt um það, og það var gott að vita til þess að einhver einn væri að minnsta kosti ánægður,“ bætir Halla við.

Reynir að lifa fyrir forvitnissakir

Næst ætla ég að bregða mér til London,“ segir Halla. „Ég fékk dálítið spennandi atvinnutækifæri þar sem mig langar að láta reyna á. Ég hef reyndar líka áhuga á að prófa mig meira áfram með dagskrárgerð, hvort sem það er fyrir útvarp eða sjónvarp, en það veltur auðvitað á ýmsu. Ég hef lengi haft áhuga á heimildarmyndum. Mér finnst gaman að skrifa og fá að prófa mismunandi miðla en er ekki beinlínis með plan. Nema auðvitað að halda áfram að gera skemmtilega hluti með Víkingi. Ég reyni að lifa fyrir forvitnissakir, prófa það sem vekur áhuga minn hverju sinni. Ég veit það ekki, þetta á alveg eftir að koma í ljós. Maður verður að taka eitt fyrir í einu,“ segir Halla að lokum.

15%

afsláttur í september

Lyfja býður 15% afslátt af Nicorette innsogslyfi og Nicorette QuickMist munnholsúða í september

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda fólki að venja sig af tóbaki



Nicorette® Innsogslyf

- Hver nikótíntappi dugur í 20 mínútur t.d. 4 x 5 mín. eða 10 x 2 mín.
- Nota má innsogslyfið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástrum



Nicorette® QuickMist munnholsúði

- Virkar á 60 sekúndum
- Úðist í munn við reykningapörf
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Mintubragð

 **LYFJA**
- Lifið heil


Nicorette® innsogslyf og Nicorette Quickmist munnholsúði (nikótínlyf) eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínþörf og til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykningum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið hefur verið reykt en hámarksdagskammtar eru: Innsogslyf 12 nikótíntappar, Munnholsúði 64 úðar - nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða eða drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Munnholsúðinn inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða. Ekki má nota Nicorette ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum þess. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Nicorette ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnaettum, magasár eða vélandabólgu. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

STJÖRNUBÖRN eru glaðleg geimbörn sem koma utan úr geimi til jarðarinnar með jákvæð & uppbyggjandi skilaboð til jarðarbarna.

ÍSLENSK HÖNNUN er mikilvægt skref í starfsemi Lín Design. Frá upphafi hafa allar okkar vörur verið hannaðar á Íslandi og svo er einnig með Stjör nubörn.

ENDING & ENDURNÝTING fata tók á sig nýja mynd við framleiðslu Stjör nubarna. Þegar barnið þitt vex upp úr flíkinni getur þú komið með hana og fengið 15% afslátt af nýrri flík. Rauði krossinn sér svo um að koma fötunum áfram til þeirra sem geta nýtt þau aftur.

ÍSAUMUR í stað plastprentunar! Allar flíkurnar eru unnar úr bómull þar sem Stjör nubörnin eru ofin í efnið. Þar sem ending skiptir miklu máli plastprentum við ekki í efnið.



Lín
DESIGN

Laugavegi 176 Glerártorg www.lindesign.is



Kjóll
2.985 kr.
~~3.980 kr.~~

25%
kynningarafsláttur

Opið laugardag 11.00-16.00



Náttföt
2.985 kr.
~~3.980 kr.~~



Peysa
1.867 kr.
~~2.490 kr.~~

Stjörnubörn

ný barnafatalína frá Lín Design



Náttföt
2.985 kr.
~~3.980 kr.~~



Kjól
2.985 kr.
~~3.980 kr.~~



Nærfatasett
2.167 kr.
~~2.890 kr.~~



Náttkjól
2.985 kr.
~~3.980 kr.~~



Buxur
2.092 kr.
~~2.790 kr.~~

Peysa
1.867 kr.
~~2.490 kr.~~

HLJÓÐBÓK með ævintýrum
Stjörnubarna er á vefsíðu
Lín Design, www.lindesign.is.
Góða skemmtun!

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LEIKHÚS FYRIR BÖRN

Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi þrakkari, sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sunnudaginn 22. og 29. september klukkan 14.

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja grunninn. Öll skólastig.

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Hausverkur Ekki þjást **MigreLief**

MígreNi.is

MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 27. september



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNTRITUN Í SÍMA 588-1414

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

LEIKSTJÓRI Í KOKKASTARFI

SÖÐLAÐ UM Guðjón Pedersen, leikstjóri og fyrrverandi leikhússtjóri Borgar-leikhússins, ákvað að söðla um í lífinu síðastliðið vor og sótti um starf sem aðstoðarmaður í eldhúsi á veitingahúsinu Geysir Bistro í Aðalstræti. Hann er himinscell með ákvörðunina.

Guðjón á langan feril að baki í heimi listarinnar. Hann hefur leikstýrt og sett upp fjölda leikrita og var stofnandi leikhópanna Frú Emíla og Svart og sykurlaust. Hann var leikhússtjóri Borgar-leikhússins frá árinu 2000 til 2008. Helsta áhugamál hans utan leiklistar hefur lengi verið matargerðarlistin. Á rólegum tíma í leiklistinni í vor sá Guðjón auglýsingu frá

Geysir Bistro þar sem óskað var eftir aðstoðarmanni í eldhúsið. „Mig hafði lengi langað að starfa á veitingahúsi,“ svarar hann þegar hann er spurður um ástæðu þess að hann sótti um. „Ég vann einu sinni við pitsubakstur en langaði í alvöru eldhús. Ég var búinn að horfa í kringum mig í þessum geira um tíma en var frekar svartsýnn. Svo virtist sem einungis

HRESSANDI

Guðjón Pedersen lét draum sinn verða að veruleika og réði sig sem aðstoðarmann í eldhúsi á veitingahúsinu Geysir Bistro. Hann hefur lengi haft áhuga á matargerð. „Það er hressandi að breyta til í lífinu.“

PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta



ALFABORG

Skútuvoði 6 - Sími 568 6755

ÓSKUM EFTIR SJÁLFBODALIÐUM Í FATABÚÐIR RAUÐA KROSSINS

Rauði krossinn óskar eftir sjálfbodaliðum til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Rauða kross búðirnar á höfuðborgarsvæðinu eru fjórar:

- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Strandgötu 24, Hafnarfirði

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Rauða krossinn í Kópavogi í síma 5546626 eða með tölvupósti á sandra@redcross.is.

Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum



Rauði krossinn Kópavogi

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur

Hreyfing eykur blóðflæði Hvað gerir BEETELITE

örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bættir árangur íþróttafólks allt að **20%** Örvar upptöku annara vítamína, fæðubótarefna.

BEETELITE Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 1 skot 30 mín. fyrir æfingar blandað í 150 ml af vatni. Endist 6 tíma í líkamanum. Bætt blóðflæði 30 mín. eftir inntöku.

Fæst í **World Class, Sportlíf, apótekum og heilsubúðum**




NEOGENIS SPORT



Nitric Oxide Nóbelsverðlaun 1998 - Sameind ársins 1992

Hvað gerir VIAGRA - SILDENAFIL The release of nitric oxide molecules causes erection.



Umboð: www.vitex.is



GAMAN Guðjóni finnst mjög gaman í vinnunni. Hér er hann með matreiðslumanninum Edvarða Baca frá Spáni, sem hefur lengi starfað á Íslandi. „Það er alltaf gaman í eldhúsinu.“

MYND/VILHELM

► mjög ungt fólk væri ráðið í svona starf. Þegar ég sá auglýsinguna frá Geysi ákvað ég að prófa að sækja um. Mér til mikillar undrunar var ég kallaður í viðtal og síðan ráðinn í starfið. Ég er ákaflega þakkátur fyrir að ég, gamli maðurinn, fékk þetta tækifæri,” segir Guðjón sem er 55 ára. „Síðan er ég búinn að vera í eldhúsinu og finnst starfið stórskemmtilegt.“

AFI VAR KOKKUR

Guðjón eða Gíó, eins og hann er kallaður, segist ekki hafa fundið fyrir aldursfordómum í leiklistinni og því síður í nýju vinnunni. „Það er virkilega hressandi að breyta til og prófa eitthvað nýtt. Matargerðin hefur alltaf verið áhugamál hjá mér. Afi minn var matreiðslumaður svo þetta er í blóðinu. Ég hef gaman af því að elda heima og hef verið aðalkokkurinn á heimilinu. Eldamennskan hefur verið mín afslöppun og hvíld frá stressi og álagi sem skapast oft í leiklistinni. Ég kveiki á kertum, set góða tónlist á og gleymi mér síðan í matargerðinni,” segir Guðjón og bætir við að hann sé þó aldrei búinn að ákveða matseðilinn fyrir fram. „Ég veit yfirleitt aldrei þegar ég byrja að elda hver útkoman verður og geri sjaldnast sama réttinn tvisvar. Eitt er þó sem konan mín hefur einkarétt á en það er lasanja. Hún gerir það best,” segir hann. Eldamennskan er enn í hávegum höfð á heimilinu þótt hann sé farinn að starfa í eldhúsi. „Ég er þó minna heima núna.“

Guðjón segir kokkastarfið hafa komið á óvart. „Sérstaklega hvað þetta er líkamlega erfiitt starf og ekki mjög fjölskylduvænt. Vaktirnar standa yfir í tólf tíma og maður sest aldrei niður. Það er búið að vera brjáláð að gera í allt sumar, jafnt erlendir ferðamenn sem Íslendingar.“

ENDURVEKUR FRÚ EMILÍU

Guðjón er ekki hættur að fást við leikstjórn þótt hann hafi nóg að gera í kokkeríinu. „Ég er með tvö verk í vinnslu sem ég mun leikstýra og setja upp, annað í Danmörku og hitt í Færeyjum. Síðan erum við nokkrir gamlir félagar að endurvekja Frú Emilíu og ætlum að setja upp Vanja frænda eftir Anton Tsjechov eftir áramót. Það verður gaman að athuga hvort sú gamla lífni ekki við eftir dvala í nokkur ár,” segir hann. „Við höfum fengið aðstoðu í Tjarnarbíói og hefjum æfingar í nóvember. Ég vonast þó til að geta verið í kokkastarfinu áfram með leiklistinni,” segir hann.

Þegar Guðjón er spurður hvort ættingjar og vinir hafi ekki verið hissa þegar hann, margverðlaunaður leikstjóri sem stýrði einu stærsta leikhúsi borgarinnar, hafi ráðið sig sem aðstoðarmann í eldhúsi, svarar hann: „Ekki þeir sem þekkja mig en það kemur jú fyrir að aðrir verði undrandi. Ég hef stundum sagt við vini mína að mig langi til að opna veitingahús en það er fjarlægur draumur.“



LIST OG LYST

Hann segir að vissulega sé starfið öðruvísi en að vera leikhússtjóri. „Þetta er þó ekkert ósvipað því að vera leikstjóri. Það fer langur tími í undirbúning á báðum stöðum. Gagnrýni eða ánægja kemur að vísu strax í eldhúsið en seinna í leikhúsinu. En maður þarf að standa sig á báðum vígstöðvum. Þótt ég sé aðstoðarmaður fæ ég stundum að spreyta mig á flóknari réttum. Ég er orðinn miklu betri kokkur en ég var og mig langar að verða enn betri. Ég hef lært ótrúlega mikið í þessu starfi og er yfirmanni mínum afar þakklátur fyrir að hleypra karlinum inn.“

Í kokkastarfinu eru langar vaktir en frí á milli. Guðjón segist nota það vel til að vinna við leiklistina. „Leiklistin er alltaf ofarlega í huga og það er hægt að láta hugann reika við matargerðina,” segir hann.

Það hefur stundum hvarflað að honum að læra kokkinn en skólinn hefur fælt frá. „Mér hefur aldrei liðið vel í skóla. Ég hef alltaf viljað fara hina leiðina í lífinu þótt mér finnst allur fróðleikur skemmtilegur,” segir Guðjón sem útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1981.

Í BERJAMÓ

Guðjón er kvæntur Katrínu Hall danshöfundu og þau eiga tvö börn, son sem er 23 ára og býr í Þýskalandi og 13 ára dóttur. Fjölskyldan var á leið vestur á Patreksfjörð í berjamó um helgina. Hann ætlar síðan að vinna úr berjunum sultu og nota þau í aðra matargerð. „Ég bara vona að enn sé hægt að finna ber,” segir Guðjón sem er með eigin matjurtagarð og hefur gaman af því að nýta náttúruna í matargerðinni. ■ elin@365.is

ELDAMENNSKAN

„Ég fæ stundum að elda flókna rétti þótt ég sé aðstoðarmaður,” segir Guðjón. MYND/VILHELM

ÞARF AÐ STANDA SIG

„Þetta er þó ekkert ósvipað því að vera leikstjóri. Það fer langur tími í undirbúning á báðum stöðum. Gagnrýni eða ánægja kemur að vísu strax í eldhúsið en seinna í leikhúsinu. En maður þarf að standa sig á báðum vígstöðvum.“

Öll kínvesk leikfimi

- Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
- Heilsuþættandi Tai chi
- Kung Fu fyrir 4 ára og eldri
- Hugræn teigjuleikfimi

Einkatímar og hópatímar

Fyrir alla aldurshópa



Í samstafi við Kínveskan íþróttaháskóla

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekkinn.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

FRÁBÆR LÍÐAN Á FEMARELLE

ICECARE KYNNIR Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa.

Vegna veikinda í móðurlífi árið 1993 fór ég í aðgerð þar sem móðurlífið og eggjastokkarnir voru fjarlægðir. Þá var ég aðeins 27 ára en frá þeim tíma hef ég verið á hormónaplástrum,“ segir Auður Dagný Gunnarsdóttir. „Í fyrri- sumar ákvað ég að hætta að nota hormónaplástra. Aðeins viku síðar byrjuðu hita- og svitaköst og skapsveiflur fóru að aukast. Ég gafst upp og fór aftur á hormónaplástrana. Um svipa leyti sá ég blaðagrein þar sem fjallað var um Femarelle, hormónalaus meðferð við tíðahvörfum og varð mjög spennt. Ég las mér betur til á netinu og ákvað síðan að prófa Femarelle.

Nú hef ég tekið Femarelle í fimm vikur og öll líðan er miklu betri. Verkir og bólgur hafa minnkað, svefninn hefur lagast og nú sef ég alla nóttina. Ég mæli með Femarelle við allar mínar vinkonur,“ segir Auður.

ALLT ANNAD LÍF

„Mín upplifun af notkun Femarelle er mjög góð. Þótt ég sé ekki enn orðin fimmtug er ég búin að glíma við ýmis vandamál varðandi blæðingar og tíðahvörf í mörg ár. Þetta byrjaði með gríðarlegri fyrirtíðaspennu þegar ég fór að nálgast fertugt,“ segir Ásdís Lára Runólfssdóttir. „Samhliða mjög slæmum skapsveiflum og andlegri vanlíðan þá jókst tíðni migrenikasta gríðarlega. Ég fékk alltaf migreni daginn sem ég byrjaði á blæðingum,“ segir hún enn fremur.

„Ég prófaði allt, breytti mataræðinu, tók inn vítamín og bæti- efni en ekkert virkaði. Síðastliðin þrjú ár hef ég prófað mig áfram með úrvalið af því sem hefur verið í boði vegna einkenna tíðahvarfa.

Ekkert virkaði nógu vel og á sama tíma fór meira að bera á einkennum sem gátu eingöngu átt við tíðahvörf. Það tók mig langan tíma að átta mig á að ég væri að fara inn í breytingaskeiðið því eldri konur í minni fjölskyldu hafa ekki þekkt þetta vandamál. Í lok síðasta árs prófaði ég hormónatöflur í þrjá mánuði með slæmum árangri, þá leið mér enn verr,“ segir Ásdís. „Þegar Femarelle kom á markaðinn var ég alveg komin að því að gefast upp. Hitaköstin urðu stöðugt verri og verri. Ég vissi ekki hvernig ég átti að klæða mig lengur. Svefnlausar nætur vegna nætursvita og hitakófa. Mér leið eins og ég logaði innan frá. Það tók Femarelle um það bil tvær vikur að virka, á þriðju viku fann ég ekki fyrir neinum einkennum. Nú líður mér mjög vel bæði andlega og líkamlega. Ég þarf ekki lengur að rífa mig úr fötunum þegar ég sit í sófanum á kvöldin vegna óbærilegs hita og sef mjög vært í langerma náttkjólum á næturnar.“

HÆTTI Á HORMÓNUM

Kristín Bjarnadóttir fór í aðgerð þar sem þurfti að fjarlægja móðurlíf og báða eggjastokka árið 2000. „Þar sem ég var aðeins 44 ára á þeim tíma var mér ráðlagt af kvensjúkdómalækni að fara á hormónalyf sem ég hef tekið síðan,“ segir hún.

„Um síðustu áramót fór ég

að velta fyrir mér að hætta að taka hormón. Ég var samt í vafa því ég hafði áhyggjur af hvernig mér mundi líða án þeirra og eins hvað ég gæti tekið í staðinn til þess að draga úr einkennum breytingaskeiðs.

Þegar mér var bent á Femarelle ákvað ég að prófa það og sé ekki eftir því. Ég komst að því að ég hafði verið með miklar aukaverkanir af hormónunum. Mér líður miklu betur að öllu leyti eftir að ég byrjaði að taka Femarelle. Verkir í stoðkerfi hafa minnkað stórlega og svænum og þrálátum höfuðverkjaköstum hefur fækkað en þeir stóðu oft yfir í nokkra daga. Í dag líður mér miklu betur að öllu leyti, þökk sé Femarelle.“

LÉTTARI LUND

„Vinkona mín gaf mér fyrsta pakkann og sagði mér að prófa þar sem Femarelle hefur reynt konum á breytingaskeiði vel,“ segir Guðfinna Guðný Sigurgeirsdóttir. „Þar sem ég hafði barist við vanlíðan vegna tíðahvarfa fannst mér ég engu hafa að tapa. Ég tók upp bæklinginn og kannaðist strax við einkenni svo sem hitakóf, stírðleika í liðum og vöðvum, skapsveiflur og annað sem fylgir þessu. Eftir að ég fór að taka Femarelle fann ég fljótlega fyrir jákvæðum breytingum á líkama og sál. Lundin varð léttari, hitakófum fækkaði og það sem mest um munar fyrir mig, þá minnkaði stírðleiki í liðum og vöðvum til muna. Mér varð ljóst að með hjálp Femarelle gat ég komist léttar í gegnum breytingaskeiðið. Takk vinkona fyrir að kynna mig fyrir Femarelle, sem ég hvet allar konur til að prófa.“

NÁTTÚRULEG LEIÐ

EKKI ERU ALLAR KONUR SEM VILJA TAKA INN HORMÓNALYF HELDUR VELJA náttúrulegri leið til að koma í veg fyrir ýmsa fylgikvilla tíðahvarfa. Má þar nefna hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, skapsveiflur og óþægindi í liðum og vöðvum. Rannsóknir á Femarelle sýna að inntaka á efninu slær á öll þessi óþægindi á innan við mánuði frá því töflurnar eru fyrst teknar inn. Auk þess þykir sannað að Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur þannig heilbrigði beina.

Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle. Þar sem Femarelle er jurtaSERMi hefur það áhrif á ýmsa líkamshluta, slær á einkenni breytingaskeiðsins og bætir heilsu beina, án þess að hafa áhrif á brjóst eða móðurlíf. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að Femarelle hefur ekki áhrif á blóðstorknun.



BETRI LÍÐAN Ásdís Lára Runólfssdóttir þakkar Femarelle betri líðan.

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur Tofu-extract og hörfræjaduft
- Inniheldur engin hormón eða isóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu þrettán ár

Femarelle fæst í apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða. Sjá einnig icecare.is



ANNAD LÍF Kristín Bjarnadóttir er himinlifandi með Femarelle.

MYNDIR/GVA



JÁKVÆÐAR BREYTINGAR Guðfinna Guðný Sigurgeirsdóttir segir Femarelle auðvelda sér lífið.

Fasteignasalar óskast til sölustarfa. Mikil sala!

DOMUSNOVA

Fasteignasala

Sogavegur 174
Reykjavík

Stærð: 127 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 20067
Fasteignamat: 32.450.000

Verð: 39.900.000



Óskar Mór Alfreðsson
Sölufulltrúi
oskar@domusnova.is
Sími: 615 8200



Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Glæsileg 127 m² fjölskyldueign með fjórum svefnherbergjum á jarðhæð með séringgang við Sogaveg 174 í Reykjavík. Um er að ræða sérhæð í hjarta Reykjavíkur þar sem allur frágangur er til fyrirmyndar og vandað hefur verið til verka að utan og innan. Sölpallur með heitum pott.

Aratún 40
210 Garðabæ

Stærð: 420 fm
Herbergi: 8
Byggingarár: 1963
Fasteignamat: 60.400.000

Verð: 89.000.000



Hrunn Einarsdóttir
M.sc. viðskiptafr.
Löggiltur verðbr. miðlari
hrund@domusnova.is
Sími: 773 4913



Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Glæsilegt einbýlishús með karakter, teiknað af Kjartani Sveinssyni, á góðum stað við lækinn í túnunum. Búið er að endurnýja húsið að miklu leiti á afar vandaðan og klassískan hátt. Góð 58 fm. 2ja herb. aukaíbúð er í kjallara með sér inngangi. Möguleiki að skipta á ódýrari eign og yfirtaka mjög hagstætt lán.

Efstaleiti 10
Reykjavík

Stærð: 154,3 fm
Herbergi: 3-4
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 43.350.000

Verð: 69.000.000



Sveinn G. Guðmundsson
Sölufulltrúi
sveinn@domusnova.is
Sími: 899 8546




Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Íbúð á fyrstu hæð. Húsið er með glæsilegri mæign og þar er: Sundlaug og tveir heitir pottar, gufubað, æfingasalur, setustofur, samkomusalur með eldhúsi. Stofa og borðstofa eru í einu rými og er gott útsýni úr íbúðinni og er útgengt út á stétt. Hjónaherbergi með góðum skápum og er hurð út á stétt. Herbergi með skápum. Eldhús og baðherbergi verður skilað með nýjum innréttingum. Íbúðin verður öll nýmáluð og parket lakkað. Sérstæði er í bílakjallara

Hrafnhólar 2
Reykjavík

Stærð: 79,3 fm
Herbergi: 3
Byggingarár: 1974
Fasteignamat: 13.700.000

Verð: 18.800.000



Sveinn G. Guðmundsson
Sölufulltrúi
sveinn@domusnova.is
Sími: 899 8546



Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Sveinn og Domusnova kynna tvær íbúðir í sama stigagangi. Íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru á 1. og 3. hæð. Þær eru báðar þriggja herbergja. Það eru góðar leigutekjur af eignunum í dag og er möguleiki að yfirtaka lán upp á 22.500.000 kr. Hægt er að yfirtaka fasteignafélag sem á eignirnar.

Nýbýlavegur 8, 2. hæð - 200 Kópavogur
www.domusnova.is

Blönduhlíð 5
Reykjavík

Stærð: 158,2 fm
Herbergi: 5
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 32.800.000

Verð: 43.000.000



Axel Axelsson
Sölufulltrúi
axel@domusnova.is
Sími: 647 2827



Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Sérlega vel skipulögð 5 herbergja hæð, samtals 158,2 fermetrar - sem skiptast þannig að íbúðin er 131 fermetrar og bílskúrinn 27,2 fermetrar. 3 góð herbergi, hol og tvær stofur. Franskir gluggar. Tvær geymslur. Falleg hæð á eftirsóttum stað. Ópið hús á mánudaginn kl. 17:30-18:00. Nánari uppl. gefur Axel s. 647 2827.

Íðunnarbrunnur 13
Reykjavík

Stærð: 442 / 308 fm
Herbergi: 7

Verð: 13.900.000



Hrunn Einarsdóttir
M.sc. viðskiptafr.
Löggiltur verðbr. miðlari
hrund@domusnova.is
Sími: 773 4913




Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

GETUR TEKIÐ FYRSTU SKÓFLUSTUNGUNA STRAX! 442 fm. lóð á mjög góðum útsýnisstað í suðurhlíðum Úlfarsfells. Glæsilegar arkitektateikningar af 308,2 fm. einbýlishúsi. Húsið er teiknað á þöllum með þakgarði þar sem gert er ráð fyrir heitum potti. Allar teikningar eru og hafa verið samþykktar. Hér er ekki eftir neinu að biða en að hefjast handa við að byggja draumaheimilið.

Fellabrekka 3
Grundarfjörður

Stærð: 249 fm
Herbergi: 8
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 27.500.000

Verð: 32.900.000



Hrunn Einarsdóttir
M.sc. viðskiptafr.
Löggiltur verðbr. miðlari
hrund@domusnova.is
Sími: 773 4913




Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Glæsilegt, mikið endurnýjað, einbýlishús miðsvæðis á Snæfellsnesi með útsýni yfir Kirkjufell. Húsið er nánast sem nýtt, mikið endurbætt og viðhaldsfritt með múrsteinsklæðningu að utan. Húsið býður upp á atvinnumöguleika eins og í ört vaxandi ferðaþjónustu. Einnig er hægt að breyta húsinu í tvær íbúðir.

Fróðaðing 1
Kópavogi

Stærð: 281,7 fm
Herbergi: 6
Byggingarár: 2008
Fasteignamat: 61.850.000

Verð: 79.900.000



Óskar Mór Alfreðsson
Sölufulltrúi
oskar@domusnova.is
Sími: 615 8200



Grétar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Fallega hannað fjölskylduhús á barnvænum stað með fimm rúmgóðum herbergjum. Húsið er nánast fullbúið að innan og hannað af Sveini Ívarssyni arkitekt og er á tveimur hæðum. Miklir gluggar og bjart hús á frábærum stað. Stutt í alla þjónustu og útivist í næsta nágrenni. 60x120 flísar og liggjandi spónn í hurðum, ljósakerfi er í húsinu ásamt forhitara.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **527 1717**



Forstjóri Skipta

Skipti rekur fyrirtæki sem starfa einkum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, á Íslandi og erlendis. Fyrirtæki Skipta í innlendra starfsemi eru Síminn, Skjárinn, Míla, Sensa, Radiomiðun, Trackwell og Staki. Í erlendra starfsemi eru Síminn DK og On-Waves.

Hlutverk Skipta er að sinna sameiginlegri þjónustu fyrirtækjanna á einum stað, með hagræði og sveigjanleika að leiðarljósi.

Þannig skapar Skipti stjórnendum og starfsfólki dótturfélaganna svigrúm til þess að einbeita kröftum sínum að því að ná hámarksárangri í krefjandi rekstrarumhverfi.

Nánari upplýsingar um Skipti má finna á heimasíðu félagsins www.skipti.is

Stjórn Skipta hf. óskar eftir að ráða forstjóra fyrirtækisins

Helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegum rekstri Skipta og dótturfyrirtækja
- Ábyrgð á stefnumótun og uppbyggingu
- Undirbúningur og tillögugerð fyrir stjórn um fjárfestingar og rekstrarleg málefni
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er hæfir starfinu
- Farsæl reynsla af rekstri fyrirtækja
- Víðtæk reynsla sem leiðtogi og stjórnandi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni

Intellecta hefur verið falið að vera faglegur ráðgjafi í þessu ráðningarkerfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsóknir sendist á thordur@intellecta.is. Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Í Borgarnesi búa rúmlega 1800 íbúar og er bærinn rómaður fyrir fagurt bæjarstæði og umhverfi. Bærinn er miðstöð þjónustu fyrir Borgarbyggð og fjölmargir íbúar á Vesturlandi öllu nýta sér ýmskonar þjónustu sem þar er í boði. Í Borgarnesi er góð aðstaða til íþróttaiðkunar, menningarlíf öflugt og fjölbreytt félagslíf. Þar er nýr og glæsilegur menntaskóli og í nágrenninu eru háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri.

Grunnskólinn í Borgarnesi er heildstæður grunnskóli og í dag eru nemendur tæplega 300 og fjöldi starfsmanna er um 60. Skólinn vinnur samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, er Heilsueflandi grunnskóli og Grænfánaskóli. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru: sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur. Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans www.grunnsborg.is

Skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi

Staða skólastjóra við Grunnskólann í Borgarnesi er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Starfssvið og meginhlutverk

- Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.
- Meginviðfangsefni skólastjóra er faglegt leiðtoga-hlutverk. Hann vinnur náið með starfsfólki að því að skapa frjóar námsaðstæður og leiðir, hvetur og styður kennara með þeim hætti að hvert barn nái góðum árangri í námi.
- Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi hans.
- Hann ber jafnframt ábyrgð á starfsmannamálum og samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Meistarapróf í menntunarfræðum eða öðru fagi sem nýtist í starfi
- Menntun á sviði reksturs er kostur
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í starfsmannastjórnun
- Lipurð og færni í samskiptum
- Vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf
- Sveigjanleiki og víðsýni
- Reynsla af starfi í skólum
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Grunnskólans í Borgarnesi þróast undir sinni stjórn.

Upplýsingar veita:

Ásthildur Magnúsdóttir fræðslustjóri,
s. 433 7100, asthildur@borgarbyggd.is

Inga Steinunn Arnardóttir, ráðgjafi
Hagvangs, inga@hagvangur.is

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launafélagar sveitarfélaga.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Hoppaðu um borð

SÆKTU
UM FYRIR
29. SEPT.

Áttu þér eftirlætis IP-tölu?

Sérfræðingur – IP-netkerfi

Við leitum að sérfræðingi í IP-netkerfum. Viðkomandi hefur með höndum hönnun og þróun á lausnum sem nýta IP-tækni, bæði á sviði almennra netlausna og fjarskipta- og farsímalausna.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bæði menntun og umtalsverða reynslu. Starfið gerir miklar faglegar kröfur, en býður um leið upp á fjölbreytt og áhugaverð verkefni.

Kanntu bæði að græja og gera?

Sendill – alltmögulegtmanneskja

Við viljum ólm ráða hressan og skemmtilegan sendil. Þarf að vera ratvís og snöggur á milli staða auk þess að vera greiðvikinn, skipulagður, stundvís og ljúfur í samskiptum.

Í starfinu felst að redda, græja og gera – og að þjónusta verðslanir og aðra starfsmenn Nova. Ekkert endilega að fara með þá út að ganga og í golf um helgar. Bara vera til taks, þú veist.

Við miðum að tæknilegri fullkomnun

Tæknimaður – rekstur farsímakerfa Nova

Við leitum að vöskum starfsmanni til að taka þátt í spennandi og fjölbreyttum störfum á tæknisviði Nova, þar sem við byggjum upp og reukum 3G og 4G fjarskiptakerfi okkar.

Óskað er eftir tæknimenntuðum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Reynsla af farsímakerfum er ótvíræður kostur, en ekki bráð nauðsyn.

Leggur þú allt í sölurnar?

Söluráðgjafi – fyrirtækjþjónusta

Vegna aukinna umsvifa á fyrirtækjamarkaði þurfum við að þetta raðirnar og leitum því að drifandi söluráðgjafa í fyrirtækjþjónustu. Starfið er fólgið í sölu á farsíma- og fastlínubjónustu til fyrirtækja.

Aðeins sjálfstæður einstaklingur með mikla reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði kemur til greina. Ef þú hefur áhuga á tækninýjungum, ert hress og með mikinn metnað þá viljum við endilega fá þig í hópinn.

RÁÐUM
Atvinnustofa

Áhugasamir sækja um á www.radum.is fyrir 29. september. Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAFNARÁÐS

Safnaráð starfar samkvæmt lögum nr. 141/2011 og er stjórnsýslunefnd sem er mennta- og menningarmálaráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna. Hlutverk safnaráðs er m.a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar safnaráð til fjögurra ára í senn.

Helstu verkefni framkvæmdastjóra safnaráðs:

- Annast daglegan rekstur skrifstofu safnaráðs
- Halda utan um og fylgja eftir verkefnaáætlun safnaráðs
- Umsjón með safnasjóði
- Halda utan um tillögur safnaráðs um úthlutanir úr safnasjóði

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Fræðagarðs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri
- Þekking á málefnum safna æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Nákvæmni í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og upplýsingatæknikunnátta
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í Norðurlandamáli er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRAR



MainManager

ICEconsult er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki með starfsemi í Danmörku, Noregi, Englandi og á Íslandi. Vegna aukinna verkefna óskar fyrirtækið eftir að ráða tvo verkefnastjóra til að bera ábyrgð á innleiðingarverkefnum á Íslandi og þjónusta íslenska viðskiptavini. ICEconsult sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar fyrir aðstöðustjórnun og er vöxtur félagsins mikill, bæði á Íslandi og erlendis. Starfsmenn eru rúmlega 30, þar af rúmlega 20 á Íslandi, auk samstarfsaðila í Bretlandi.

Starfssvið:

- Samskipti og samvinna við íslenska viðskiptavini
- Umsjón með innleiðingu MainManager hjá nýjum viðskiptavinum (Delivery Manager)
- Verkefnastjórnun
- Ráðgjöf og þjónusta við núverandi viðskiptavini
- Samskipti innan deildar og við þróunardeild
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af innleiðingarverkefnum og áætlanagerð
- MPM gráða, Facility management eða vottun er kostur
- Rekstur og/eða reynsla úr mannvirkjageiranum er kostur
- Hæfni til að setja sig inn í mál og hugsa í lausnum
- Reiprennandi ensku-, íslensku- og norðurlandamálakunnátta er mikill kostur
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum

ICEconsult sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar fyrir aðstöðustjórnun (Facility Management). Aðstöðustjórnun miðar að því að auka arðsemi fyrirtækja með markvissri stýringu stoðferla. Með stoðferlum er m.a. átt við stjórnun þróunar-, viðhalds- og rekstrarverkefna, gerð og stýringu þjónustusamninga, umsýslu leigusamninga, gæðastjórnun, orkumál o.fl. Hugbúnaður félagsins heitir MainManager. Stærsti viðskiptavinur ICEconsult er Statsbygg í Noregi, sem á og rekur flest allar fasteignir norska ríkisins (rúmlega 2500 eignir). Meðal annarra erlendra viðskiptavina, má nefna DR húsið í Kaupmannahöfn, Flugger, Aston University í Birmingham, Kobenhavns kommune, Nykredit, YIT, Intigo, Danske Bank og Youth Hostel Association. Meðal viðskiptavina hér heima eru Reykjavíkurborg, Óliudreifing, Fasteignir ríkissjóðs, ISAVIA, Landsnet, Garðabær, Búseti, OR, ÁTVR, Olís, N1, Skeljungur, Ístak og Landsbankinn. ICEconsult er til húsa að Bæjarhálsi í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 29. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Bjarmi

Ungbarnaleikskólinn Bjarmi í Hafnarfirði
auglýsir eftir þroskaþjálfara í 100% starf.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um starfið á netfangið bjargir@gmail.com
eða á heimasíðu skólans www.leikskolinn.is/bjarmi

Nánari upplýsingar veitir Svava í síma 512 3330 og 695 3089

Framleiðsla og uppsetning gluggatjalda

Óskum eftir að ráða til starfa ábyggilegan
laghentan einstakling til starfa við
uppsetningu og framleiðslu gluggatjalda.
Upplýsingar sendist á ok@non.is

Nútima

Píparar eða menn vanir pípulögnum óskast til starfa sem fyrst.

Áhugasamir sendi upplýsingar, nafn
og símanúmer til box@frett.is
merkt Pípari-1809

Öllum umsóknum verður svarað.

Viltu tilheyra vaxandi fjölskyldu?

Við erum að leita að ferskum og fjölhæfum hönnuði eða prentsmið
í ört stækandi hóp hæfileikafólks. Á heimili Árnasona er enginn dagur eins
og því þarftu að vera fjölhæfur einstaklingur með góða þekkingu á helstu
hönnunarforritum. *Gleði, hugmyndaauðgi og jákvæðni spilla svo auðvitað
ekki fyrir auk þess sem æskilegt er að þú getir hafið störf sem fyrst.*

Umsóknir sendist á starf@arnasynir.is eigi síðar en 26. september n.k.

Árnasynir er kreatíf smiðja, markaðssamskiptafyrirtæki, þar sem vandamál eru hugsuð í lausnum og stefna kynningarmála mörkuð á faglegan hátt. Við mætum í vinnuna á hverjum degi tilbúin til þess
að búa til eitthvað sérstakt, eitthvað sem tekni er eftir. *Hugmyndir eru okkar lífbráð og við elskum það sem við gerum. Við elskum líka hvort annað, viðskiptavinina okkar og bara lífið almennt.*



Vilt þú vinna í frjóu og metnaðarsömu umhverfi?

Norræna húsið leitar að húsverði í 50% starf

Norræna húsið leitar að öflugum einstaklingi til starfa við
húsvörslu. Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi og er því hluti
vinnutíma á kvöldin og um helgar.
Um 50% starf er að ræða.

Nánari upplýsingar á
heimasíðu Norræna hússins
norrænahusid.is



Starfagátt STARFs

Atvinnuleitendur

Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má
finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs

www.starfid.is



STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og
Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni
um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélagum. Þjónustan
fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs.
Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinn við
margvísleg vinnuarkáðsúræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til
starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is



Hlutverk hjálparstarfs kirkjunnar er að rækja mannúðar- og hjálpar-
starf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar innanlands sem utan og upplýsa
ísenkan almenning um gildi og mikilvægi þess.

Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Starfssvið

- Annast daglegan rekstur.
- Ber ábyrgð á tekjuöflun fyrir starfseminna, sér um manna-
forráð og áætlunargerð
- Fylgir eftir stefnu Hjálparstarfsins og ákvörðunum stjórnar
- Ber ábyrgð á starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar gagnvart
stjórn
- Stuðlar að góðum tengslum við kirkjulegar stofnanir,
sóknir og prófastsdæmi
- Ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar á innlendum og
erlendum vettvangi
- Kynnir starfseminna og gildi hennar út á við.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Reynsla af erlendri samvinnu
- Samskiptahæfileikar, frumkvæðis- og skipulagshæfileika
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði, a.m.k. enska og eitt
Norðurlandamál

Umsóknarfrestur er til 30. september 2013.

Umsókn ber að senda á: umsokn@help.is

Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um
Hjálparstarf kirkjunnar er að finna á heimasíðu stofnunar-
innar: www.help.is



Framkvæmdastjóri

Félagsbústaðir hf. eru þjónustufyrirtæki á
húsnæðismarkaði í eigu Reykjavíkurborgar.
Megintilgangur félagsins er að eiga og reka
félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík, sem
úthlutað er af Velferðarsviði borgarinnar.

Félagsbústaðir áttu 2.212 íbúðir í árslok
2012, þar af 1.790 almennar íbúðir, 307
þjónustuíbúðir fyrir aldraða og 115 íbúðir í
sambýlum fyrir fatlað fólk.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu
félagsins www.felagsbustadir.is

Stjórn Félagsbústaða hf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Helstu verkefni

- Dagleg framkvæmdastjórn með áherslu á
rekstur, fjármál og starfsmannastjórnun
- Áætlanagerð
- Setning markmiða og þátttaka í stefnumótun í
samvinnu við eigendur og stjórn félagsins
- Áhersla er lögð á að viðhalda góðum tengslum
við eigendur og viðskiptavinina félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla í stjórnun
- Reynsla af rekstri, fjármálastjórnun og
fjármögnun er kostur
- Reynsla af byggingastarfsemi og
fasteignaumsýslu er kostur
- Rík áhersla er lögð á lipurð og hæfni í
mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í ritaðri og talaðri íslensku, góð
kunnátta í öðru Norðurlandamáli er æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 7. október n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og
fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Hugbúnaðar- og vöruprófari

Spennandi framtíðarstarf hjá margverðlaunuðu, íslensku sprotafyrirtæki. Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið stundar umtalsverða þróun á hugbúnaði til svefngreininga og tækjabúnaði til svefnmælinga.

Hæfniskröfur

Margskonar háskólamenntun getur átt við umrætt starf, t.d. tölvunarfræði, verkfræði og iðntæknifræði. Gott er að starfsmaður:

- Hafi reynslu og/eða menntun á sviði hugbúnaðarprófana
- Hafi góða tölvufærni og þekkingu sem að nýtist við uppsetningu tölvu og tölvukerfa
- Hafi góða færni í Word og Excel og ráði við gerð tækniskjala á ensku
- Hafi reynslu og/eða menntun á sviði mælinga og gagnaúrvinnslu
- Hafi góðan skilning á tölvuvirkni sem nýtist við skilgreiningu og framkvæmd hugbúnaðarprófana
- Sé hugmyndaríkur og öflugur greinandi við framköllun og úrvinnslu þeirra galla sem finnast við vöruprófanirnar
- Sé nákvæm(ur), skipulögð/lagður og viljug(ur) til að fylgja þeim gæðafærlum sem fyrirtækið fylgir

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið work@noxmedical.com.

Umsókn ásamt ferilskrá skal sendast fyrir 7. október 2013.

Ábyrgð og starfssvið

Hlutverk hugbúnaðar- og vöruprófara er að skilgreina og framkvæma virkni- og vöruprófanir á þeim vörum sem að eru í þróun hjá Nox Medical. Þar að auki mun hann koma að tækniþjónustu og gerð tæknileiðbeininga fyrir viðskiptavinum Nox. Starfið er unnið í nánu samstarfi við þróunarteymi fyrirtækisins.

Hugbúnaðar- og vöruprófari sér um að:

- Skilgreina og framkvæma virkni- og vöruprófanir á þeim vörum sem að eru í þróun hjá Nox Medical
- Setja upp og viðhalda tölvuumhverfi fyrir hugbúnaðarprófanir (t.d. VmWare umhverfi)
- Viðhalda og þróa áfram þau vöruprófunarkerfi sem að fyrirtækið notar
- Aðstoða þjónustuteymi Nox við úrlausn tæknilegra vandamála sem upp kunna að koma hjá viðskiptavinum.

Vinsamlegast setjið í efnislinu tölvupóstsins heiti starfsins sem sótt er um. Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á lækningatækjum sem notuð eru til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af verkfræðingum, fjárfestum og sérfræðingum með áratuga völdtæka reynslu í að hanna og framleiða vörur til svefnrannsóknna og svefngreininga. Umsvif fyrirtækisins hafa vaxið jafnt og þétt og er framleiðsluvörum þess nú dreift um allan heim.

Nox Medical er annað tveggja íslenskra félaga sem hlotið hefur ISO 13485 gæðavottun til þróunar og framleiðslu á lækningavörum. Nox Medical hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, s.s. Nýsköpunarverðlaun ársins 2010 og Vaxtarsprotann 2010. Nox Medical er staðsett í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum í Höfðatorgi við Katrínartún.

Nox Medical | Katrínartún 2 | Höfðatorg | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | www.noxmedical.com


■ Nox Medical ■



VIÐ BYGGJUM UPP ...

Stracta Hotels stefnir að uppbyggingu allt að tíu hótela hringinn í kringum landið sem samtals munu verða með á annað þúsund herbergi. Við höfum nýhafið framkvæmdir við byggingu fyrsta hótelsins, sem rísa mun á Hellu. Áætlað er að opna hótelið á Hellu 1. maí 2014. Verið er að vinna skipulagsvinnu vegna næstu tveggja hótela sem áætlað er að verði á Húsavík og í Skaftafellssýslu.

Sölu- og markaðsstjóri mun heyra beint undir forstjóra.



Í undirbúningi er að setja upp miðlæga söluskrifstofu þar sem haldið verður utanum bókanir og markaðsstarf, auk yfirstjórnar. Við leitum að starfsmanni til þess að sinna markaðsmálum og skipuleggja þau.

... OG VIÐ LEITUM AÐ SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRA

HÆFNISKRÖFUR:

- HÁSKÓLAMENNTUN VIÐ HÆFI
- STARFSREYNSLA Í FERÐAÞJÓNUSTU SKILYRÐI
- GÓÐ TENGL Á MARKAÐNUM
- FRUMKVÆÐI OG ÁHUGI FYRIR AÐ NÁ ÁRANGRI OG HÆFNI TIL AÐ GREINA TÆKIFÆRI
- ÁBYRGÐ
- STJÓRNUNARREYNSLA ER KOSTUR
- SJÁLFSTÆÐI OG SKIPULAGSHÆFNI
- GÓÐ MÁLAKUNNÁTTA SKILYRÐI, ENSKA OG NORDURLANDAMÁL
- FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTAHÆFNI OG SAMNINGATÆKNI

HELSTU VERKEFNI:

- STJÓRNUN SÖLUSVIÐS
- SAMNINGAGERÐ
- MARKAÐSGREININGAR
- ÞÁTTAKA Í STEFNUMÓTUN
- ÞRÓUN Á ÞJÓNUSTUFRAMBODI

Umsóknir sendist á radningar@stractahotels.is merkt MARKAÐSSTJÓRI

ÖNNUR STÖRF

Á næstu vikum munum við leita að og ráða til okkar öflugt fólk til þess að koma til liðs við okkur í stjórnunarstöður á fyrstu hótelnunum, sem og til starfa á söluskrifstofu okkar. Við erum að leita að jákvæðu, hugmyndaríku og harðduglegu fólki af því að við ætlum að byggja upp sigursæla liðsheild. Þau störf sem verið er að ráða í hverju sinni verða auglýst á heimasíðu okkar.

Við munum fljótlega leita að starfsmönnum í:

- SÖLUFULLTRÚA
- REKSTRARSTJÓRA GISTINGAR
- REKSTRARSTJÓRA VEITINGA

Ef þú heldur að þetta sé fyrir þig, sendu okkur ferilsskrá á netfangið, radningar@stractahotels.is



NÆR NÁTTÚRUNNI



ARION BANKI LEITAR AÐ VIÐSKIPTASTJÓRUM

Lausar eru þrjár stöður viðskiptastjóra fyrirtækja í útibúum Arion banka í Borgarnesi, á Höfða og á Selfossi.

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á þjónustu- og sölustjórnun til fyrirtækja, veitir ráðgjöf og upplýsingar á sviði fjármálaþjónustu ásamt því að vinna að markaðssókn í fyrirtækjaþjónustu í samráði við svæðis- og útibússtjóra.

Viðskiptastjóri situr í lánanefnd svæðisins og er sérfræðingur í lána- greiningu til fyrirtækja. Hann annast einnig stjórnun daglegra verkefna starfsmanna í fyrirtækjaþjónustu útibúsins.

Hæfniskröfur:

- ◆ Háskólapróf
- ◆ Reynsla af stjórnun
- ◆ Framúrskarandi samskiptahæfni
- ◆ Góð þekking á rekstri fyrirtækja og lestri ársreikninga
- ◆ Reynsla af útlánum og góð greiningarhæfni
- ◆ Þjónustulund og söludrifni

Nánari upplýsingar um störfín veita viðkomandi svæðisstjórar:

Borgarnes: Bernhard Þór Bernhardsson, svæðis- og útibússtjóri í síma 430 4452, netfang bernhard.bernhardsson@arionbanki.is.

Höfði: Ásgerður H. Sveinsdóttir, svæðis- og útibússtjóri í síma 444 7000, netfang asgerdur.sveinsdottir@arionbanki.is.

Selfoss: Sædís Íva Elíasdóttir, svæðis- og útibússtjóri í síma 480 2302, netfang saedis.eliasdottir@arionbanki.is.

Einnig veitir Hildur Sigurðardóttir, mannauðsstjóri, upplýsingar í síma 444 6364, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. sept. 2013.

Umsækjendur sækja um störfín á vef bankans www.arionbanki.is

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Viðgerðarmaður óskast!

Tannhjól ehf. óskar eftir traustum einstaklingi í vinnu við þjónustu og viðgerðir á og tannlæknabúnaði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu í viðgerðum á raftækjabúnaði, vélbúnaði o.s.fr..

Hann/hún skal einnig vera stundvís og fær í mannlegum samskiptum.

Umsóknir skilist á hafsteinn@tannhjol.is fyrir 01.10.13.



TANNHJÓL

GRÁBÚ 5, 210 Garðabær - 117 6334 - www.tannhjol.is



VERKEFNASTJÓRI

NORRÆNA FÉLAGIÐ LEITAR AÐ VERKEFNASTJÓRA Í TÍMABUNDIÐ STARF

